SKÍÐABLAÐIÐ

SKÍÐAVIKAN 2002

Skíðaútvarp FM 101 í samvinnu við Gamla Apótekið

www.isafjordur.is/ski í samvinnu við Snerpu

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

vestur sport

Miðfell hf.

Sindragötu 1

Sími 450 4000

Nýbökuð brauð og kökur

Opið: Virka daga frá kl. 7-18
Laugardaga frá kl. 7-16
Skírdag frá kl. 7-16

Gamla bakarríið
AÐALSTRÆTI 24 ☎ 456 3226 ÍSAFIRÐI

Gamalt en síungt

Páskaleikur

1. verðlaun

PlayStation 2

leikjatölva

Páskaeggjaleikur Hamraborgar!

Með hverju páskaeggi í Hamraborg fylgir þátttökuseðill í páskaeggjaleik 2002

1. verðlaun..... PlayStation 2 .....leikjatölva
2.-6. verðlaun.....Gjafabréf með 5 leigumyndböndum
Dregið á páskadag 31. mars 2002

HAMRABORG

SKÍÐABLAÐIÐ 2002

Útgefandi:
Skíðafélag Ísfirðinga
Ritstjóri og ábm.
Pálína Vagnsdóttir
Ritnefnd:
Geir Sigurðsson
Jóhann Torfason
Jónas Gunnlaugsson
Þórunn Snorradóttir
Skíðavikunefnd:
Elfar Logi Hannesson
Hermann Níelsson
Rúnar Óli Karlsson
Sigríður Schram
Framkvstj. Skíðaviku:
Gunnar Þórðarson
Sími Skíðaviku:
8957121
Umbrot og prentun:
H-prent ehf.

Ný heimasíða Skíðaviku hefur verið opnuð í tengslum við heimasíðu skíðasvæðisins www.isafjordur.is/ski þar sem nýjustu upplýsingum um dagskrárliði verður komið á framfæri jafnóðum. Getraun verður daglega á síðunni með veglegum vinningum ásamt fréttum og myndum frá hátíðinni.

Helsta nýjungin að þessu sinni er Skíðavikuútvarp sem sent verður út á FM 101 í samvinnu við Gamla Apotekið. Góðborgarar bæjarins skipta með sér dagskrárgerð og útsendingum, sem verða milli kl. 17 - 19 daglega á meðan á hátíðinni stendur. Þarna munu koma í ljós duldir hæfileikar samborgaranna og verða hin besta skemmtun bæjarbúa, eftir góðan dag á skíðum áður en næturlífið er kannað.

Geir Sigurðsson

Rótin er sterk

Þegar sá dagur rann upp vorið 2001, að Ísfirðingar áttu engan keppanda í alpagreinum á Skíðamóti Íslands, kom í ljós í hnotskurn sá vandi, sem ísfirskir skíðamenn hafa átt við að stríða eftir snjóflóð og snjóleysi allt frá árinu 1994. Aðstaðan hvarf og þegar búið var að byggja hana upp aftur af miklum myndarskap kom ekki snjór.

Þessar aðstæður hafa skapað erfiðleika hjá Skíðafélaginu varðandi alpagreinarnar en skíðagangan hefur til allrar hamingju getað haldið sínu striki. Í skíðagöngu eiga Ísfirðingar, og hafa átt í mörg ár, sterkasta skíðagönguliið landsins. Barna- og unglingaflokkar hafa verið fjölmennir og við eigum bestu einstaklingana í eldri flokkunum, þá Ólaf Th. Árnason og Jakob E. Jakobsson. Þeir hafa ásamt hinum efnilega Markúsi Björnssyni dvalið í Noregi við keppni og æfingar í vetur og voru þar auk þess í fyrravetur. Miklar vonir eru bundnar við þessa ungu afreksmenn á komandi árum. Það hefur styrkt skíðagönguna mikið á Ísafirði að til liðs við hana komu Önfirðingar bæði með sterkan hóp keppenda og einstaklinga sem hafa komið að starfi félagsins af miklum myndarskap.

Við þær aðstæður, sem í upphafi þessar pistils voru raktar, er ekki nema von þótt úr keppnisliðinu í alpagreinum hafi kvarnast. Hins vegar eru yngri flokkarnir fjölmennir og við þá eru vonir bundnar. Flokkur 13-14 ára lofar góðu, flokkar 9-12 ára eru fjölmennir og margir góðir einstaklingar í þeim og þeir yngstu í flokki 8 ára og yngri hafa sjaldan verið fleiri. Á þessum árgöngum byggir félagið framtíð sína í alpagreinum.

Nú er svo komið að ísfirskt skíðafólk, bæði almenningur og keppendur, býr við mjög góða skíðaaðstöðu. Skíðagöngumenn hafa af eljusemi sett lýsingu á göngubrautir og flutt þjónustuhús úr Tungudal á Miðbrún á Seljalandsdal. Þar er næsta skref að jafna jarðveg undir göngubraut þannig að minni snjó þurfi til að hún verði nothæf til gönguskíðaiðkunar. Alpagreinamenn hafa útbúið markhús og byggt sig vel upp af búnaði og hægt er nú að hafa mót bæði við Sandfells- og Miðfellslyftur. Nýja skíðalyftan í Miðfelli hefur gefið Tungudal nýja vídd og gert svæðið að fjölbreyttu og framúrskarandi skíðasvæði. Ekki má gleyma að undir forystu Páls Sturlaugssonar hefur mikið fórnfúst starf verið unnið við byggingu nýs skíðaskála, sem gjörbreytir allri aðstöðu í Tungudal. Ekki verður minnst á góða skíðaaðstöðu Ísfirðinga án þess að þakka bæjaryfirvöldum fyrir velvild og skilning á þörfum þessarar „þjóðaríþróttar" okkar Ísfirðinga.

Skíðafélag Ísfirðinga hefur á undanförnum árum byggst upp af þremur meginstoðum. Stjórn, sem fer með fjármál og samskipti við opinbera aðila og tveimur undirnefndum alpagreina og skíðagöngu sem reka sínar greinar að fjármálum slepptum. Þessar nefndir hafa unnið mikið og gott starf og skapað félaginu breidd sem þýðir að fleiri einstaklingar koma að hinu mikla starfi félagsins. Enn á ný hafa þau bikarmót Skíðasambandsins sem hér hafa farið fram í vetur verið rómuð. Félagið á harðsnúinn hóp starfsmanna sem gerir mótahald hér svo gott sem raun ber vitni.

Að þessu sögðu er ekki annað hægt að segja að skíðaíþróttin á Ísafirði er í blóma. Það þarf hins vegar að fá almenning í bænum til að koma meira á skíði. Við þurfum að fá fleiri til að greiða afnotagjöld á skíðasvæðið til að tryggja betur rekstrargrundvöll þess og gera þar með möguleika á enn frekari úrbótum á því. Skíðafélag Ísfirðinga vonar að Skíðavikugestir muni eiga ánægjulega daga í faðmi hvítra fjalla

f.h. stjórnar Skíðafélagsins
Geir Sigurðsson.

www.flugfelag.is

Ferðatímabil:

16. - 20. mars
24. - 25. mars
29. - 30. mars
03. - 04. apríl
08. - 10. apríl

Sjá nánari upplýsingar á flugfelag.is.

Takmarkað sætaframboð!

websales@flugfelag.is
www.flugfelag.is

Til Reykjavíkur
frá Ísafirði
4.500 kr.* aðra leiðina

*Flugvallarskattur og tryggingargjald samtals kr. 415.- ekki innifalinn.

Bókanlegt á netinu til 15. mars

- fljúgðu frekar....

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
– fyrir fólk eins og þig!

ÓÐUR TIL VESTFJARÐA

Ægifögur fjöllin standa stolt í hvítum kjólum
stöku sólargeislar bregða sér á leik
líkt og gáskafull börn á fjallstindunum.
Sálin þín fyllist þögulli lotningu
og lofar sinn Guð, fyrir að fá að sjá og lifa slíka fegurð.
Í frostbitrunni glitrar snæviþakin jörðin
og það er eins og englar vetrarins hafi flogið yfir
og stráð glóandi gimsteinum
til að gleðja augu jarðarbarna.
Við slíka sjón hörfar vonleysi allt og sjálfur Guð
blæs þér nýja von í brjóst.

Ella Dóra Ólafsdóttir, 23. nóvember 1996

Mynd: Tæknimyndir ehf.

www.leid.is

Krossfesting

Ljósm. Jón Þorgeir Einarsson.

Krossfesting er yfirskrift listsýningar sem opnuð verður í Hólskirkju Bolungarvík í barnastarfi kirkjunnar þann 24. mars nk., á pálmasunnudagsmorgun kl. 11:00. Um er að ræða samvinnuverkefni Hólskirkju, Leikskólans Glaðheima og Grunnskóla Bolungarvíkur. Á sýningunni verða sýndir nokkrir tugir krossa úr tré sem skreyttir eru með mósaíkflísum. Krossarnir eru unnir af börnum og fullorðnum sem síðan eiga listaverkin. Mósaíkflísar eru festar á krossa og krossarnir síðan festir upp í Guðshúsi til að minnast atburða páskahátíðarinnar. Sýningin verður opin frá kl. 11:00 til kl. 18:00 frá og með pálmasunnudegi, til og með páskadags. Vestfirðingar og gestir eru sérstaklega hvattir til að eiga notalega stund í kirkjunni og skoða þessa sérstæðu sýningu.

Spurt og svarað

Viðtöl: Kristín Ólafsdóttir og Gerður Geirsdóttir

Kristján Ásvaldsson, 15 ára, æfir skíðagöngu

Hvað hefur þú æft skíði lengi? 7-8 ár
Hvað æfir þú oft í viku? 5-6 sinnum
Hvaða tegund eru skíðin þín? Atomic og Madshus
Hver er uppáhalds skíðamaðurinn þinn? Björn Dæhlie
Hver er uppáhalds tónlistarmaðurinn? System of a down
Hver er uppáhalds leikari/leikkona? Brad Pitt
Hver er besti maturinn? Svínahamborgarhryggur
Hver er besta bíómyndin sem þú hefur séð? Gladiator
Hvað er uppáhalds fagið í skóla? Stærðfræði
Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðinn stór?
Þegar ég er búinn að meika það á skíðunum ætla ég að verða forstjóri Eimskips.

Anna María Guðjónsdóttir, 12 ára, æfir alpagreinar

Hvað hefur þú æft skíði lengi? 6 ár
Hvað æfir þú oft í viku? 5 sinnum
Hvaða tegund eru skíðin þín? Dynastar
Hver er uppáhalds skíðamaðurinn þinn? Hermann Maier
Hver er uppáhalds tónlistarmaðurinn? Íris Kristinsdóttir
Hver er uppáhalds leikari/leikkona? Selma Björnsdóttir
Hver er besti maturinn? Pizza
Hver er besta bíómyndin sem þú hefur séð? Rush hour 2
Hvað er uppáhalds fagið í skóla? Leikfimi
Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðinn stór? Talmeinafræðingur

Nokkrir punktar 2002

Skíðaferðir við allra hæfi

Margs konar skíðaferðir eru í boði um páskana. Ber þar hæst skíðaferð til Flateyrar og á Galtarvita.

Skíðaævintýri í Önundarfirði

Á laugardeginum verður ferð fyrir ævintýramanninn til Flateyrar. Eftir góðan dag á skíðum, verður hist við enda Sandfellslyftunnar (eða nýju lyftunnar. Fer eftir snjóalögum). Mannskapurinn verður dreginn á snjóbíl og snjósleðum eftir vestfirsku hásléttunni áleiðis til Flateyrar. Síðan verður skíðað niður í Önundarfjörðinn og fer leiðaval eftir getum hvers og eins. Mestu hetjurnar geta skíðað niður Skollahvilft ofan Flateyrar og alveg niður að vegi. Síðan verður mannskapurinn fluttur í sund og kaffi í lauginni á Flateyri. Eftir hæfilegan skammt af hetjusögum verður ferð heim en stuðboltarnir fara á skemmtikvöldið á Vagninum þar sem læknirinn, skólastjórinn, bankastjórinn og fleira gott fólk sér um fjörið. Ekki er nauðsynlegt að skrá sig, bara mæta með sundfötin.

Ferð á Galtarvita

Það er skammarlegt hve fáir hafa komið á Galtarvita. Þessi töfrastaður er suðvestur af Skálavík og leiðin þangað er mjög falleg. Verður farið á vélsleðum og fólk hvatt til að taka skíðin með. Lagt verður af stað frá endastöð Hauganeslyftunar á sunnudeginum (páskadag) kl. 13:00 og gert ráð fyrir að ferðin taki fjóra til sex tíma. Áhugasamir hafi samband í skíðavikusímann: 895 7121

Langur föstudagur

Að venju er furðufatadagur og tilheyrandi á föstudeginum langa í Tungudal. Þá er kynt upp í grillinu, allir brosa eins og bjánar og brenna furðulega á smettinu. Fólk gramsar í gömlum fatakössum og mætir í afrakstrinum á skíði. Helgin er að byrja og hljómsveitir kynda upp í fólki. Þá rignir karamellum. Þá eru allir á svæðinu. Líka þú.

Skíðanóttin

Skíðanóttin er orðin fastur punktur á Skíðavikunni. Gott tækifæri fyrir byrjendur í hvers konar skíðaíþróttum að láta sjá sig á dalnum. Ekki kemur óvægið dagsljósið upp um kunnáttuleysið og því engin ástæða að skammast sín. Á Skíðavikunni er pláss fyrir alla. Til að auka enn á áhrifamátt rökkursins verður beitt ýmsum brögðum; ljós, tónlist, stökkpallar, eldur, flugeldar. Næturdýr allra landa, sameinist á skíðanótt í Tungudal á laugardagskvöldið...

Jasskvöld

Á laugardagskvöldið munu djasshundar bæjarins koma saman í Krúsinni og telja í nokkra vel valda slagara. Verður bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar, Villi Valli að sjálfsögðu í stuði ásamt Balda Geirmunds og öllum hinum kempunum. Þeir munu sjá til þess að allir fái að heyra eitthvað við sitt hæfi.

Opið í Grunnavík um páskana

Ferðaþjónustan í Grunnavík er með opið um páskana og hvers konar þjónusta veitt s.s. gisting, matur og eldunaraðstaða. Hægt er að fara í margar skemmtilegar dagsferðir og upplagt að taka skíðin með. Best er að panta gistingu fyrirfram.

Ferðaþjónustan í Grunnavík: 848 0511 / 456 4664 / 852 4819.

Silfurtorg
Silfurgötu 1 - 400 Ísafjörður
Sími 456-3210

Hárkompaní
Silfurgötu 1 • 400 Ísafjörður • 456 6363

Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir

Full af eldmóði

Sólveig með bikarana sína.

Það er aðdáunarvert að fylgjast með kraftmiklu ungu fólki fullu af eldmóði og einbeitingu. Hvert skref sem tekið er verðist úthugsað og maður spyr sig að því hvaðan eldmóðurinn kemur og hvað ungu fólki finnst skipta máli þegar unnið er að því að ná settu marki.

Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir er 11 ára gömul, kröftug og áhugamikil gönguskíðakona. Þrátt fyrir ungan aldur hefur henni vegnað vel í mótum hér fyrir vestan og eins á Andrésar Andarleikunum á Akureyri nú síðast þar sem hún var í 1. sæti bæði í hefðbundinni og frjálsri aðferð í göngu. Það er vel við hæfi að skyggnast inn í hugskot hennar og fá hana til að segja með eigin orðum frá því hvað henni finnast skipta máli þegar maður vill verða betri en maður er og jafnframt hvað fer í gegnum hugann þegar hún er kominn á blússandi ferð í göngu hvort sem er á æfingu eða keppni.....gefum Sólveigu orðið....Ég er allavegana ekki að hugsa um gönguna þó að pabbi segi að ég eigi að gera það. Ég fer bara að telja, stundum tel ég kindur. Stundum fer ég í samlagningarleik í huganum til að drepa tímann en þegar ég fer að nálgast lokasprettinn þá reyni ég bara að drífa mig eins og ég get.

Truflar það ekki einbeitinguna að leggja svona saman?

Nei, ekki hjá mér, gæti kannski gert það hjá öðrum. Ég væri ábyggilega ekki í þessum leik ef það myndi trufla einbeitinguna hjá mér.

Heldurðu að íþróttir og nám fari vel saman?

Já, ég myndi halda það. Maður verður hressari í lærdómnum ef maður stundar íþróttir, er bæði friskari og líður betur. Svo getur maður að sjálfsögðu farið í íþróttanám.

Er sætt að sigra, getur þú lýst tilfinningunni?

Já, það er gaman en maður reynir bara að gera sitt besta. Á Andrésar Andarleikunum hélt ég bara í mömmu og þegar úrslitin voru kynnt og sagt Þuríður vann. Svo hljómaði bara að Andrésarmeistari væri Sólveig, ég gerði mér ekki alveg grein fyrir að ég hefði unnið. Ég var ræst fyrst af öllum, það er verst, en Þuríður sem var í öðru sæti var ræst síðust. Það er miklu betra þá getur maður elt einhvern en ef maður er ræstur fyrstur hefur maður engan til að elta.

Skiptir það öllu að sigra?

Nei, eiginlega ekki, bara að taka þátt.

Af hverju ertu þá að keppa?

Jú auðvitað langar mig að sigra en hugsa samt bara um það í hvert sinn að gera mitt besta.

Ef þér gengi ekki svona vel, heldur þú að úthaldið yrði jafn gott eða ertu eins og margir segja að ungt fólk sé í dag, að það geti ekkert látið á móti sér, þurfi að geta allt strax, annars gefist það upp, er úthaldslítið?

Þeir halda áfram sem hafa áhuga á þessu og þótt að maður tapi einu sinni þá má maður ekki hætta.

Ertu aldrei löt að fara á æfingar?

Nei, mig langar alltaf á æfingar. Það Það kemur heldur aldrei upp að mig langi ekki á fótboltaæfingu. Það er Stellu Hjalta að þakka hvað áhuginn er mikill hjá okkur í göngunni og hvað okkur gekk vel í fyrra. Nú er kominn nýr þjálfari og það verður gaman að sjá hvernig gengur.

Það kemur heldur aldrei upp í fótboltanum að mig langi ekki á æfingu.

Hvaða íþróttagreinar passa vel við æfingar í göngu?

Sund og fótbolti passa vel saman út af þjálfun á þoli og tækni. Í báðum greinum þjálfar maður vöðva í fótum, það reynir líka mikið á hendurnar í gönguskíðunum



Á fullri ferð á Andrésarleikunum.

svo eru báðar greinar góðar fyrir þolþjálfun. Ég var einu sinni að æfa sund en varð að velja á milli.

Af hverju valdirðu fótbolta og göngu?

Því það var þannig að þegar ég átti að fara á sundæfingar koma upp í hugann oh sundæfingar, þó að stelpan sem væri að æfa væri mjög fín. Ég hafði bara engan áhuga á sundi.

Hefur þú stuðning fjölskyldu þinnar í íþróttinni?

Já, ég fæ mikinn stuðning. Mæður okkar Katrínar, vinkonu minnar og Sigurjóns frænda míns, skiptast á að keyra okkur á æfingar. Mamma og pabbi koma alltaf að horfa á mig, fylgja mér mjög vel eftir í öllum íþróttum bæði hér og líka þegar ég fór á Akureyri.

Nú áttu eldri bræður, koma þeir?

Þeim finnst allavegana gaman að vita úrslitin, eru keppnismenn, þeir hringdu t.d. strax norður á Andrésar leikana og eru spenntir að fylgjast með Andrésarleikunum næst.

Nú ertu komin af fólki sem er kappsamt og duglegt, finnst þér það skipta máli?

Ef ég væri ekki komin af þeim þá væri ég örugglega ekki í þessu.

Þú ert ung og margir myndu segja að ekki væri gott að hampa ungu fólki of mikið það gæti orðið fyrir svo miklum vonbrigðum síðar þegar og ef kemur að því að hlutirnir ganga ekki alveg upp og sigrarnir verða færri og súrari?

Þegar ég var yngri þá var ég alltaf tapandi, ég þarf líka að glíma við það. Lífið er ekki bara leikur.

Nú eru þið góðar vinkonur þú og Katrín, eruð báðar á gönguskíðum, eruð þið ekkert tapsárar gagnvart hvori annarri?

Ég byrjaði á gönguskíðum af því að Katrín vinkona mín var að æfa, hún tók mig með sér á æfingar og ég verð að segja nei sem betur fer þá erum við ekki tapsárar, við náum að gleðjast með hvori annarri.

Hvert stefnir þú í göngunni?

Ég stefni að því að komst langt í göngunni og fótboltanum en það kemur bara allt í ljós.

En almennt í lífinu?

Mig langar að mennta mig. Svo langar okkur frænkunum öllum í Versló, Ásdísi, Ingibjörgu, Örnu og veit ekki um Tinni. Þar eru svo margir söngleikir sem hægt væri að taka þátt í það væri spennandi.

Eru sætir stákar í göngunni?

Já, þeir allra sætustu eru þar. Ég er nú samt eiginlega ekkert að fylgjast með þeim. Ég er komin til að keppa, ekki til

Sólveig með dyggum stuðningsmönnum, gönguhetjunum Stellu Hjalta og Kristjáni Rafni (Kitta Muggs).

þess að skoða strákana.

Skoðaðir þú þá ekkert á Akureyri?

Jú eitthvað smá, ekkert mikið.

Hvernig sérð þú fyrir þér framtíðina fyrir ungt fólk?

Mér finnst hún frekar björt. Þjálfarar í fótbolta og göngu verða betri og betri, þetta var nú ekki svona þegar gömlu karlarnir voru að æfa.

Þér finnst mun fleiri sýna fótboltanum áhuga en gönguskíðunum. Dregur það ekki úr þér kjarkinn?

Nei, nei ég held bara mínu striki, segir þessi unga efnilega gönguskíðakona, það er víst eina sem gildir í þessu lífi. Það lýsir af Sólveigu þegar ég kveð hana. Megi ljós hennar lýsa öðrum jafnöldrum inn á góðar brautir.

KS BLIKK
BLIKKSMIÐJA ehf

BLIKKSMIÐJA • EFTIRLIT LOFTRÆSTIKERFA

Árnagötu 1 • Pósthólf 135 • 400 Ísafjörður
Sími: 456 5550 • Fax: 456 5551 • Farsímar: 864 6550 og 864 6551

Ágætu Vestfirðingar

Nú er veturinn að renna frá okkur og síðustu forvöð að skrá sig á námskeiðin okkar. Minnum sérstaklega á:

- **Alhliða matreiðsla fyrir karlmenn, 17.-19 apríl.**
- **GPS staðsetningarkerfið, 15. apríl.**
- **Viðhald og endurbætur eldri timburhúsa, 3.-4. maí.**
- **Raddbeiting og framsögn, 8 klst., 4 skipti, byrjar 9. apríl.**
- **Skrautskrift. Helgarnámskeið. Tími óákveðinn.**
- **Ýmis tölvunámskeið, svo sem myndvinnsla (Photoshop). 12 klst, 4 skipti.**

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Sími 450 300. Netfang: frmst@snerpa.is

Fermingar-tilboð

3.995 kr.

Bakpoki með fart lvuh lfi

mörg hólf, vönduð taska

Verð áður 4.995 kr.

29.995 kr.

AIWA XS-G4 hlj mt kjasamst ða

50+50 wött RMS, 3-diska geislaspilari, fjarstýring o.fl.

Verð áður 49.900 kr.

13.995 kr.

APACHE k lutjald

Þriggja manna með himni og fortjaldi



3.145 kr.

Babyliss sl ttuj rn

sléttujárn/bylgju/vöfflu

Verð áður 4.929 kr.



26.990 kr.

SEG 20 sj nvarpst ki

með textavarpi

4.335 kr.

Babyliss h rbl sari

1800W, 3 hitastig

Verð áður 5.445 kr.

HÚSASMIÐJAN

Verslun Mjallargötu 1 • sími 456 4644

Timbursala Árnagötu 1 • Sími 456 4655

Spurt og svarað

Viðtöl: Kristín Ólafsdóttir og Gerður Geirsdóttir

Rannveig Jónsdóttir, 9 ára, æfir skíðagöngu

Hvað hefur þú æft skíði lengi? 2-3 ár
Hvað æfir þú oft í viku? 4 sinnum
Hvaða tegund eru skíðin þín? Blizzard
Hver er uppáhalds skíðamaðurinn þinn? Enginn sérstakur
Hver er uppáhalds tónlistarmaðurinn? Svala Björgvinsdóttir
Hver er uppáhalds leikari/leikkona? Julia Roberts
Hver er besti maturinn? Pizza
Hver er besta bíómyndin sem þú hefur séð? Nýi stíllinn keisararns
Hvað er uppáhalds fagið í skóla? Stærðfræði
Hvað ætlarðu að verða þegar þú er orðin stór? Búðarkona

Loftur Jóhannsson, 14 ára, æfir alpagreinar

Hvað hefur þú æft skíði lengi? 5 ár
Hvað æfir þú oft í viku? 5-6 sinnum
Hvaða tegund eru skíðin þín? Head
Hver er uppáhalds skíðamaðurinn þinn? Hermann Maier
Hver er uppáhalds tónlistarmaðurinn? Limp Bizkit
Hver er uppáhalds leikari/leikkona? Enginn sérstakur
Hver er besti maturinn? Hamborgari
Hvað er uppáhalds fagið í skóla? Stærðfræði
Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðinn stór? Skíðamaður

Gunnar Þórðarson

Ávarp



Hin árlega Skíðavika á Ísafirði verður haldin um páskana, líkt og löng hefð er fyrir, og eru Ísfirðingar og nágrannar að leggja lokahönd á undirbúning viðamikillar dagskrár, sem hefst á skírdag og stendur fram á annan í páskum.

Stærstur hluti dagskrárinnar fer fram á nýlegu skíðasvæði Ísfirðinga í dölunum tveimur, Tungudal og Seljalandsdal, en þar er nú nægur snjór og mjög gott skíðafæri. Á kvöldin skemmta landsfrægar hljómsveitir og tónlistarfólk á veitingastöðum bæjarins s.s. Írafár, Buttercup, Gabríel, Bjarni Ara og Siggi Björns. Djasstónlist er fastur liður á Skíðaviku en um hana sjá heimamenn á borð við Baldur Geirmundsson og Villa Valla, tónlistarmann og rakara, en hann var útnefndur bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar á síðasta ári. Fjölmargir aðrir menningarviðburðir prýða dagskrána, jafnt veraldlegir sem trúarlegs eðlis, og er dagskrána að finna á heimasíðu Skíðavikunnar sem ber yfirskriftina Dalirnir tveir.

Skíðavikan hefur verið snar þáttur í menningarlífi Ísfirðinga um langt árabil, allt frá þeim tíma er gestir sigldu til Ísafjarðar með farþegaskipinu Súðinni eða seinna Gullfossi til að taka þátt í veglegum hátíðahöldunum. Fjöldi gesta leggur árlega leið sína vestur um páska og er oft haft á orði að íbúafjöldi Ísafjarðar tvöfaldist í dymbilvikunni. Úrval listamanna, jafnt ísfirskir sem aðkomnir, hafa troðið upp á Skíðaviku í gegnum tíðina og eiga margir sinn fasta sess í dagskrá vikunnar.

Lengst af einskorðaðist Skíðavikan við Ísafjörð en með bættum samgöngum hefur dagskráin teygt anga sína út til nágrannabyggðarlaga Ísafjarðar síðustu ár með góðum árangri og nær hún nú til Dýrafjarðar, Önundarfjarðar og Súgandafjarðar auk Bolungarvíkur.

Skíðavikan 2002 verður formlega sett á Silfurtorgi í miðbæ Ísafjarðar miðvikudaginn 27. mars kl. 17.

Óskum Skíðavikugestum góðrar skemmtunar

Eiríkur og Einar Valur hf.
Byggingaverktakar

Láttu fagmenn vinna verkið

ÁGÚST & FLOSI ehf
BYGGINGAVERKTAKAR

Ánægðir viðskiptavinir
eru besta auglýsingin okkar

Ökuskóli
Vestfjarða ehf.

Auður Yngvadóttir - sími 893 5478
Gunnar Hallsson - sími 696 7316
Kristján R. Guðmundsson - sími 892 0477



Frábært úrval
raftækja

WWW
straumur

30 ára
1972 - 2002

Silfurgötu 5
Sími 4563321

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Okkar starf skapar viðskiptavinum okkar aukna samkeppnishæfni
-Leggjum áherslu á góða og faglega þjónustu-

- Rannsóknir
- Mælingar
- Ráðgjöf
- Fræðsla

http://www.rf.is

Ármagata 2, pósthólf 64, 400 Ísafjörður, sími: 450 3000, fax: 450 3805
netfang: isa@rf.is, heimasíða: http://www.rf.is

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Hver hefur efni á að taka ekki þátt í séreignarlífeyrissparnaði?

Hvað er betra en að eignast mikið og borga lítið fyrir það? Hik er sama og að tapa peningum. Þeir sem eru **ekki** með viðbótarlífeyrissparnað eru að afþakka peninga. Í tímans rás verða þessir peningar jafnvel að milljónum.

Með því að koma þér upp vænum séreignarlífeyrissparnaði til viðbótar innistæðu í samtryggingarsjóði, verndarðu þig og fjölskyldu þína gegn lækkandi launum við starfslok.

Það besta við viðbótarlífeyrissparnaðinn er að aðrir greiða 62% af honum fyrir þig, þannig að með viðbótarlífeyrissparnaði eignast þú peninga á útsöluverði.

Ef þú ert með t.d. kr. 100.000 í mánaðarlaun og ákveður að spara 4,0% greiða launagreiðandi og ríkið 2,4% mótframlag, þannig að þú eignast kr. 6.400 í sparnað á mánuði, en greiðir aðeins kr. 2.458 fyrir það eða 38% af því sem þú eignast.

Dæmi um sparnað miðað við ákv. launafjárhæðir

Mánaðarlaun	100.000	150.000	200.000
4.0% sparnaður	4.000	6.000	8.000
2.4% mótframlag	2.400	3.600	4.800
Lækkun staðgreiðslu	-1.542	-2.312	-3.083
Lækkun útborgunar	2.458	3.688	4.917
Sparnaður	6.400	9.600	12.800

Til þess að hefja séreignarsparnað þarft þú aðeins að hafa samband við séreignardeild Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og ganga frá og undirrita samning, sem sjóðurinn sendir síðan afrit af til launagreiðanda þíns.

Lífeyrissjóður Vestfirðinga*Brunngötu 7* 400 Ísafjörður*Sími 456-4233 / 456-3980 *Fax 456-4710

Ólafur Th. Árnason

Allir sem hafa tvo til þrjá fætur fara á skíði

Í upphafi göngum við öll sömu brautina. Sum okkar stórstíg, önnur taka smærri skref. En þegar öllu er á botninn hvolft er það trúnaðartraustið við okkur sjálf sem alltaf verður að vera til staðar svo að við náum settu marki. Ungur maður Ólafur Th. Árnason er trúr sjálfum sér. Hann hefur þennan neista sem svo margir leita að í sjálfum sér um alla eilífð, neistann sem knýr mann áfram. Hann hefur notið þess að margar dyr hafa opnast þegar hann hefur bankað á þær.

Hverju þakkar þú það að komast í mark?

Ég kemst í mark af því að mig langar til þess. Ég hef það fyrir markmið að komast í mark og ef maður er í formi þá er það ekkert mál. Það kostar að vísu töluverða æfingu en það er það skemmtilega við þetta allt saman.

Ætla mætti, að ef einhvern tímann maður nálgist sjálfan sig þá sé það á gönguskíðum. Hvernig er í skíðagöngunni að heyra stundum bara sinn eigin andardrátt, vera einn með sjálfum sér, hugsunum sínum og finna hvern vöðva þaninn?

Það er fínt. Það eru oft ótrúlegustu pælingar sem fara að stað. Oftar en ekki hefur maður orðið heimsmeistari eða rúllað upp frægum skíðastjörnum í æsispennandi endaspretti um gull í boðgöngu á Ólympíuleikum. Við svoleiðis hugsanir þá fer maður ósjálfrátt hraðar. Ég hef meira að segja lent í því að vera kominn á botnsnúning og í hörku keppni við... ja, ég veit ekki hvern! Oft eru æfingarnar ekki svo svakalega rómantískar, það er hörku vinna að verða betri, stundum er bara skvaldur og fíflalæti ef maður er með fleirum að æfa.

Nú hefur þú undanfarið þjálfað í Noregi, af hverju varð Noregur fyrir valinu?

Ætli það sé ekki vegna þess að það er svo stutt heim þaðan! Ég hef verið í Noregi vegna þess að þar er skíðagangan þjóðaríþrótt. Hefðin er mikil og allir sem hafa tvo til þrjá fætur fara á skíði. Þar er líka mikil þekking sem skilar sér í mjög færum þjálfurum og frábærum aðstæðum. Það er líka eftirsóknarvert að fá að keppa við þá bestu og geta borið sig saman við þá, þá verður maður líka áþreifanlega var við ef manni er að fara fram eða ekki.

Það hlýtur að þurfa mikinn sálarstyrk, mikla þjálfun og einbeitingu til að ná árangri. Er til uppskrift að árangri?

Það er líklega betra að vera sæmilega skýr í kollinum þó að það séu deildar meiningar um að ég sé það. Jú, vissulega setur maður oft pressu á sjálfan sig til að ná árangri. Oft eru miklar hugsanir í gangi í höfðinu og maður veltir því fyrir sér hvort að maður geti fylgt eftir árangrinum frá síðasta móti eða bætt upp fyrir síðasta mót.

Ég held að það sé til uppskrift að góðum árangri, maður verður að vera skipulagður í æfingum og vinna markvisst að „stóra markmiðinu." Reyndar er sú uppskrift ekki að virka nógu vel fyrir

mig. Ég fer stundum meira eftir mínu höfði og slumpa meira á magntölurnar, borða kannski helst til of mikinn sykur þegar að slátur hefði verið betri kostur.

Er einhvern tímann einmanalegt að stunda gönguskíði?

Það er stundum einmanalegt að æfa, hlaupa einn uppi á fjalli í tvo tíma, en það er þess virði þó að fæstir skilji af hverju. Annars finnst mér nauðsynlegt oft að æfa einn því að þá hefur þú allvega þinn hátinn á æfingunni, ræður hraðanum sjálfur og hvað þú ert lengi.

Þegar vel gengur er raunin gjarnan sú að sá sem velgengni nýtur verður almannaeign og gjarnan fylgja miklar væntingar velgengni. Finnst þér væntingar sem gerðar eru til þín þrengja að þér á einhver hátt eða veita þær þér hvatningu?

Stundum þrengja þær að og þegar maður bregst væntingum sínum og kannski annarra þá er ekkert gaman. En ef maður stendur undir væntingum þá er gaman og maður fær hrós fyrir. Ég held samt að það sé ég sem geri mestar væntingar til sjálfs míns, ég hef litlar áhyggjur af því hvað aðrir eru að spá.

Það hlýtur að kosta skildinginn að helga sig þjálfuninni. Hverjir eru bakhjarlar þínir?

Fyrst ber að nefna foreldra mína, þau hafa hlaupið í skarðið ef allt stefnir í óefni. Síðan hef ég verið að vinna hjá Ágústi og Flosa á sumrin og þeir hafa styrkt mig og þolað það að hafa mig jafnvel þó að ég þurfi stundum frí til að æfa, ég hef verið heppinn með það. Þá var Síminn svo góður að styrkja mig og ekki má gleyma Skíðafélaginu sem hefur verið duglegt að betla fyrir okkur sem erum að æfa úti. Ég vil nota tækifærið og þakka þessum aðilum fyrir frábæra aðstoð.

Ég hef heyrt að skoðun þín varðandi það að eiga kost á því að fara á Ólympíuleika sé umhugsunarverð. Þú sagðir við mig að þú hefðir ekki farið á Ólympíuleika af því að þú hefir ekki

verið í nægilega góðu formi. Hvenær er maður tilbúinn að láta drauminn í þeim efnum rætast? Af hverju ekki að fara og sjá hvernig maður stendur?

Ólympíuleikar eru stærsta íþróttahátíð í heimi. Þar eru allir þeir bestu og allir eru í sínu besta formi. Skíðaganga er þannig íþrótt að þú byggir upp toppform á löngum tíma, ekki á einum mánuði, heldur að minnsta kosti einu ári. Þannig var að ég tók eftir því að ég hafði náð Ólympíulágmarkinu þegar ég var heima í jólafríi. Það þýddi að það var bara rúmur mánuður til stefnu og það var of lítið. Ég hefði mikið frekar viljað fara og vera undir það búinn. Ofan á það voru Ólympíubrautirnar í Salt Lake City í mikilli hæð og til að geta keppt í mikilli hæð þarf maður að vera búinn að aðlagast þunna loftinu. Því miður hef ég aldrei fengið tækifæri til að æfa í mikilli hæð og veit ekkert um það hvernig líkaminn bregst við því.

Ólympíuleikar eru ekki staðurinn sem maður á að fara á til að sjá hvernig maður stendur, heldur eru þeir til að fara og gera sitt allra besta og ég var ekki í stakk búinn til þess. Ég vona bara að ég fái tækifæri til að fara til Torino á Ítalíu eftir fjögur ár, ég ætti að hafa nægan tíma til þess að æfa fyrir það!

Hvernig eru þeir íþróttamenn sem velja keppni, ólíkir öðrum sem stunda íþrótt sér til heilsubótar?

Þeir sem eru að keppa verða oft öfgamenn í sportinu, kaupa flottustu græjurnar og æfa markvisst, drekka ekkert nema að það heiti Prímus og troða sig út af pasta við hvert tækifæri. Síðan eru það þeir sem hafa íþróttina til heilsubótar. Það er fólkið sem er ekkert að stressast yfir því að það sé ekki á nýju „super dúber" skíðunum heldur fer bara á skíði vegna þess að því finnst gaman að skreppa á skíði svona endrum og eins.

Með viku millibili hefur þú unnið tvö mót glæsilega, bikarmót SKÍ á Ísafirði þar sem þú vannst í 10 km göngu karla 20 ára og eldri og Fjarðargönguna á Ólafsfirði sem er liður í Íslandsgöngunni sem er röð móta þar sem þú vannst í flokki karla 17-34 ára. Ertu samur fyrir og eftir sigur á svona mótum?

Já, bara aðeins þreyttari! Ég finn lítinn mun á mér fyrir og eftir mót sem gengur vel. Það er kannski frekar að maður sé mjög ánægður eftir að hafa landað sigri í einhverri göngu sem mann langaði mikið til að vinna, t.d. á Landsmóti. Maður verður ósjálfrátt ánægður og glaður og þá er gaman.

Nú er Fossavatnsgangan 4. maí hér á Ísafirði eru síðustu mótin ekki alltaf best?

Síðasta mótið er alltaf best. Sérstaklega vegna þess að það er Fossavatnsgangan. Það er gott að enda langt keppnistímabilið heima. Maður er orðinn mjög þreyttur eftir að hafa verið að keppa meira og minna frá því um miðjan nóvember. Fossavatnsleiðin er líka þannig að það eru mjög krefjandi brekkur í henni sem maður hugsar alltaf um sem síðustu brekkurnar á þessu tímabili og maður gefur alltaf allt í þær og hugsar síðan um rólegheitin sem fylgja sumrinu.

Hvaða hvatningarorð átt þú til ungra upprennandi göngugarpa?

Endilega að æfa ef að þeim finnst það gaman. Það er mikilvægt að leika sér þegar að maður er yngri, fara bara með gönguskíðin og gera stökkpalla og fíflast, njóta þess að vera á skíðum. Síðan með árunum koma meiri æfingar og það er ekki síðra. Það eru fáar aðrar íþróttir sem eru jafn góðar fyrir líkamann og skíðaganga. Sú þjálfun sem þú hlýtur þar, á eftir að koma sér vel síðar.

Vetrarlok í Nanoq

19.–30. mars

Gönguskíði og búnaður
50% afsláttur

Carvingskíði og búnaður
40% afsláttur

Snjóbretti og búnaður
30–50% afsláttur

Kulda- og skíðafatnaður fyrir börn
50% afsláttur

Skíða- og snjóbrettafatnaður
50% afsláttur

ATOMIC
BURTON
ZIMOSKY
Columbia
PEAK
MOXX SPORT

NANOQ
– lífið er áskorun!

Kringlunni 4-6 • Reykjavík • Sími • 575 5700 • www.nanoq.is

Nýjasta nýtt
Frábært á skíðin

Linsur

Focus DAILIES
ONE-DAY CONTACT LENSES

sem þú sturtar niður eftir notkun

Gullauga

Örn Torfason
Optometrist (sjónfræðingur)

SAMKAUP

...gæði og ferskleiki!

PÁSKAOPNUNARTÍMI

Skírdag.....	10-21
Föstudaginn langa.....	LOKAÐ
Laugardaginn 30. mars....	10-21
Páskadag.....	LOKAÐ
Annan í páskum.....	12-21
Aðra daga.....	9-21

Gleðilega páska

Sr. Agnes M. Sigurðardóttir

Hugleiðing

Sól - snjór - Gullfoss - troðfull kirkja á tónleikum. Þetta er það fyrsta sem mér kemur í hug þegar ég hugsa um skíðavikuna. Gullfoss og farþegarnir sem með honum komu settu svip á skíðavikuna ár hvert um páska. Ég veit ekki í hve mörg ár, en í minni mínu finnst mér það hafa verið alltaf á mínum uppvaxtarárum.

Bærinn breyttist þessa daga. Það fjölgaði og á mörgum heimilum voru skíðavikugestir. Enn er það svo, þó Gullfoss sé hættur að koma, að gestir þyrpast vestur. Oftast er snjór, en í dagskrá er gert ráð fyrir því að það geti brugðist. Enginn ætti því að láta sér leiðast um bænadaga og páska heldur njóta þess að brjóta upp vana hversdagsins og næra líkama og sál.

Kirkjan hefur alltaf tekið þátt í skíðavikunni, ekki bara með hefðbundnu helgihaldi, heldur hafa verið tónleikar í Ísafjarðarkirkju á föstudagskvöldið langa í fjölda ára. Það var oft þétt setinn bekkurinn í gömlu Ísafjarðarkirkju á föstudaginn langa og fólk hvíldi lúin bein, endurnært á líkama og fór út líka endurnært á sál.

Ein var sú spurning sem oft kom upp á þessum tónlistarkvöldum í Ísafjarðarkirkju. Á að klappa? Má klappa? Sumum finnst óviðeigandi að klappa í kirkju, öðrum ekki. Alla tíð vitum við að klappað hefur verið í kirkjum, en það hefur ekki verið gert til að lofa flytjendur eða þakka þeim, heldur til að lofa Guð og tilbiðja. Þess vegna verður að skilgreina til hvers við komum í kirkjuna. Ef við sækjum það hús heim til að hlusta á vel flutta tónlist þá má klappa fyrir flytjendum. Ef við sækjum húsið til að lofa Guð, þá klöppum við ekki fyrir flytjendum.

Mesta hátíð kristinna manna er páskarnir, þegar við minnumst upprisu Jesú Krists. Minnumst þess að lífið sigraði dauðann, minnumst þess að kristnum mönnum er gefin hlutdeild í upprisu Krists. Það er því vel við hæfi að við söfnumst saman á slíkri hátíð og lofum Guð fyrir kærleika sinn okkur til handa. Að við brjótum upp hversdaginn og höldum hátíð, njótum félagsskapar hvers annars og minnumst þess að líf okkar er dýrmætt og okkur gefið. Við leggjum áherslu á það við börn að þau fari vel með það sem þeim er gefið. Stærsta gjöfin er lífið og með það ber að fara sem dýra perlu. Við erum minnt á þetta hvern dag sem augu okkar opnast, en ekki síst erum við minnst á þetta á páskum og hvött til að hugleiða þetta sérstaklega um föstuna.

Eins og sést hér í þessu blaði á öðrum stað standa kirkjur prófastsdæmisins öllum opnar um bænadaga og páska. Þar fara fram guðsþjónustur, krossljósastund og ferming. Undanfarin ár hafa Passíusálmar sr. Hallgríms Péturssonar verið lesnir í einhverri kirkju prófastsdæmisins á föstudaginn langa. Nú verða þeir lesnir í Hólskirkju í Bolungarvík frá kl. 11 og fram eftir degi. Þar munu einnig hanga uppi krossar sem börn og unglingar bæjarins hafa gert, en sýningin opnar við fjölskylduguðsþjónustu á pálmasunnudag. Hólskirkja verður því opin gestum og gangandi milli kl. 11 og 18 frá þeim degi og fram á páskadag.

Njótið útivistarinnar, gleðinnar, samfélagsins við Guð og hvert annað. Guð gefi þér gleðilega hátíð og uppbyggilegt frí.

Agnes M. Sigurðardóttir.

Kirkjudagskrá páskavikunnar

Ísafjarðarkirkja:
Pálmasunnudagur kl. 14
- ferming
Föstudagurinn langi kl. 20:30
- krossljósastund
Páskadagur kl. 09 - messa

Hnífsdalskapella:
Pálmasunnudagur kl. 11
- sunnudagaskóli
Páskadagur kl. 11 - messa

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði:
Skírdagur kl. 16
- guðsþjónusta

Holtskirkja:
Skírdagur kl. 14
- ferming

Núpskirkja:
Föstudagurinn langi kl. 14
- guðsþjónusta

Þingeyrarkirkja:
Páskadagur kl. 08
- guðsþjónusta

Flateyrarkirkja:
Páskadagur kl. 14
- guðsþjónusta

Suðureyrarkirkja:
Páskadagur kl. 11
- guðsþjónusta

Súðavíkurkirkja:
Páskadagur kl. 14
- guðsþjónusta

Kirkjur í Ísafjarðardjúpi:
Nánar auglýst síðar

Hólskirkja:
Pálmasunnudagur kl. 11
- fjölskylduguðsþjónusta.
- sýning á krossum
Skírdagur kl. 20:30
- messa
Föstudagurinn langi kl. 11-16
- lestur Passíusálma og tónlist
Páskadagur kl. 09
- hátíðarguðsþjónusta

Sjúkrahúsið í Bolungarvík:
Páskadagur kl. 10:30
- helgistund

Dagskrá Skíðavi

Ódagsett atriði

Sýning á lokaverkefni Einars Ólafssonar arkitekts í Slunkaríki

Krossfestingin

Listsýning á trékrossum skreyttum mósaíkflísum verður opnuð í Hólskirkju Bolungavík 24. mars nk. kl. 11.00 Sýningin verður opin frá og með pálmasunnudegi til og með annars í páskum.

Sundlaugar, söfn og skíðasvæðið

Auglýsing um opnunartíma nánar í skíðablaði og á heimasíðu www.isafjordur.is/ski

Munið Skíðavikuútvarpið á FM 101

17:00 Skíðavikan sett á Silfurtorgi. *Hljómsveitin „Með bland í poka" hitar upp og stutt ávarp bæjarstjórans*

17:00 - 9:00 Skíðavikuútvarp á FM 101 *Útvarpstjóri dagsins verður hinn gamalkunni útvarpsmaður, Guðjón Brjánsson*

20:00 – 03:00 Á Eyrinni. Týrólakvöld Skíðavikunnar. *Hin víðfræga hljómsveit frá Flateyri „Með bland í poka" heldur uppi alpastemmingunni að þessu sinni*

20:00 Tónleikar með Bubba Morthens í Ísafjarðarkirkju. *Tónleikarnir verða á vegum Nemendafélags Menntaskólans á Ísafirði*

23:00 Sjallinn. Írafár skemmtir til 3:00. *18 ára aldurstakmark. Allir á ball...*

28. mars fimmtudagur (skírdagur)

13:00 Ferð á Galtarvita á skíðum. *Nánar í skíðablaði og heimasíðu. Veltur á snjóaðstæðum.*

13:00 Skíðagöngukennsla á Seljalandsdal. *Göngunefnd Skíðafélagsins býður upp á skíðakennslu fyrir almenning á Seljalandsdal. Upplagt fyrir þá sem vilja bæta tæknina fyrir Garpamótið. Allir velkomnir.*

12:00 Íþróttahúsið Torfnesi. Páskaeggjamót KFÍ í körfubolta. *Tveir og tveir verða að skrá sig saman. Tveir aldursflokkar, 16 ára og eldri og yngri en 16 ára. Allir geta tekið þátt í hörku móti og er þátttökugjald kr. 1000 á hvert lið. Skráning er í síma 892 4896 og netfangi: gunniatli@hotmail.com.*

14:00 Brettaæfingar og leiðsögn fyrir byrjendur í Tungudal. *Færir brettagaurar taka nokkrar bunur með byrjendum.*

17:00 Edinborg. Kristrún í Hamravík og himnafaðirinn. *Leiklestur hjá Litla leikklúbbnum í leikstjórn Elfars Loga Hannessonar. Miðaverð: kr. 600.- (kaffiveitingar)*

17:00 - 19:00 Skíðavikuútvarp á FM 101. *Útvarpsstjóri dagsins verður Ásgeir Páll Ágústsson. Meðal efnis verður viðtal við Heimi Hansson og Jón Sigurpálsson vegna 120 skrefa hlaupsins og rennslis með sneiðingum.*

18:00-24:00 Hótel Ísafjörður. Veglegur matseðill og ostahlaðborð. *Bjarni Ara skemmtir matargestum.*

21:00 Sindragata 11 (Sultartangi). Stæltir stóðhestar í uppfærslu Litla leikklúbbsins. *Leikstjóri: Elfar Logi Hannesson*

21:00 Finnabær, Bolungarvík. Spilavist

23:30 Sjallinn. Írafár verður í páskaskapi og heldur mannskapnum við efnið

19:00 Krúsin. Jass og djamm. *Jassgeggjarar bæjarins með Baldur Geirmunds og Villa Valla fremsta í flokki, mæta og telja í nokkra vel valda slagara. Húsið opnar kl. 19:00 fyrir matargesti.*

29. mars föstudagur (föstudagurinn langi)

Furðufatadagur á Tungudal. *Verðlaun fyrir bestu búningana. Allir hvattir til að mæta í furðufötum á skíði.*

11:00 Útimessa í Tungudal

11:30-12:30 Skíðagöngukennsla Seljalandsdal. *Göngunefnd Skíðafélagsins býður upp á skíðakennslu fyrir almenning á Seljalandsdal. Upplagt fyrir þá sem vilja bæta tæknina fyrir Garpamótið. Allir velkomnir*

13:00 Tvíkeppni, rennsli með sneiðingum og 120 skrefa hlaup á skíðum. *Aldagömul tvíkeppni í göngu og rennsli endurvakin. Allir hvattir til þátttöku en virðulegur klæðnaður er áskilinn. Keppni sem vakti mikla athygli í fyrra*

13:30 Sælgætisregn í Tungudal. *Krakkarnir ærast er vængjuðum karamellum rignir af himnum ofan... Ómissandi atburður á Skíðavikunni*

14:00 Tónlist í Tungudal. *Hitað upp fyrir ball í Sjallanum*

14:00 Grillveisla á furðufatadegi í Tungudal. *Þeir eru mættir aftur furðufuglarnir með kók og bestu pylsur í heimi*

15:00 Brettamót Gamla apóteksins og Vestursports. *Keppt verður í Border Cross og samhliða svigi. Einnig verða stökkpallar á staðnum sem vert er að skoða*

17:00 - 19:00 Skíðavikuútvarp á FM 101. Ásgeir Páll Ágústsson verður

ðavikunnar 2002

útvarpsstjóri dagsins

18:00 Tónleikar í Ísafjarðarkirkju. Tónlistafélag Ísafjarðar. *Hljómsveit Tónlistarskóla Ísafjarðar og Stúlknakór Tónlistarskólans, halda sameiginlega tónleika undir yfirskriftinni „Kyrrðarhljómur." Meðal verka sem hljómsveitin leikur má nefna tvö fræg Adagio. Þá flytja hljómsveitin og Stúlknakórinn í sameiningu Aríu eftir Johann Sebastian Bach og þátt úr Mattheusarpassíu Bachs. Á efnisskrá Stúlknakórsins eru trúarleg sönglög og verk. Stjórnandi hljómsveitarinnar er Janusz Frach, en stjórnandi stúlknakórsins er Mariola Kowalczyk.*

19:00? Krúsin. Söngskemmtunin „Those were the days". *Glæsileg þriggja rétta máltíð. Síðan verður lifandi tónlist frá 1960-1970 rifjuð upp með frábærum söngvurum og hljóðfæraleikurum. Dansleikur á eftir með Þórunni og Halla.*

23:00 Sindragata 11 (Sultartangi). Stæltir stóðhestar í uppfærslu Litla leikklúbbsins. *Leikstjóri Elfar Logi Hannesson. Miðaverð kr. 2000. Veittir eru hópafslættir*

24:00 Gamla apótekið opið. *www.gamlaapotekid.is/*

24:00 Sjallinn. Ball með Írafár. 18 ára aldurstakmark

24:00 Á Eyrinni. Stórdansleikur með GABRÍEL

30. mars laugardagur

12:00 Garpamótið í göngu á Seljalandsdal. *Enginn vafi leikur á því að mestu göngugarpar landsins eru Ísfirðingar. Allir garpar hvattir til að taka þátt*

12:30 Páskaeggjamót Samskipa. *Keppt verður í göngu á Seljalandsdal og samhliðasvigi í Tungudal. Hápunktur hjá yngstu kynslóðinni á Skíðavikunni. Allir krakkar fæddir 1989 og yngri velkomnir að taka þátt. Foreldrar mega renna sér með þeim yngstu*

14:00 Silfurtorg. Kökubasar JC á Vestfjörðum. *Um að gera að ná sér í eitthvað með kaffinu eftir góðan dag á skíðum*

15:00 Víkingaleikur í Tunguskógi. *Tvö lið keppa í Tungudal*

15:00 Skíðaævintýri Í Önundarfirði. *Björgunarsveitarmenn sjá um að draga skíðamenn frá Seljalandsdal yfir Vesfjarðahásléttuna. Skíðað niður í Önundarfjörðinn í brekkum við allra hæfi. Endað í sauna á Flateyri. Ferð sem hefur heppnast mjög vel*

17:00 - 19:00 Skíðavikuútvarp á FM 101. *Hinn bráðhressi Halldór Jónsson verður útvarpstjóri dagsins. Lögð verður áhersla á Garpamót og rótað í gömlum spillingamálum tengdum því.*

17:00 Edinborg. Brynjólfur Jóhannesson og Ísafjörður. *Umsjón: Elfar Logi Hannesson. Söngur: Páll Gunnar Loftsson. Elfar Logi Hannesson fjallar um Brynjólf Jóhannesson leikara á Ísafirði á fyrstu áratugum síðustu aldar. Miðaverð kr. 600.- (kaffiveitingar)*

19:00 Krúsin. Jass og djamm með Baldri, Villa Valla og félögum. *Eftir jassinn verður ball með Baldri og Margréti.*

19:30 Hótel Ísafjörður. Veglegur matseðill og ostahlaðborð. *Bjarni Ara skemmtir matargestum*

21:00 Gamla apótekið. *Kaffihúsastemmning www.gamlaapotekid.is/*

21:00 Edinborgarhúsið. 12 nýjar vestfirskar þjóðsögur og ein gömul. *Miðaverð kr. 1500. Byggt á sögum Gísla Hjartar. Leikgerð og leikstjórn: Elfar Logi Hannesson*

21:00 Finnabær, Bolungarvík. Karíokí. *Brjáluð stemmning að hætti hússins*

20:00 - 23:00 Skíðanótt í Tungudal, bretti, tónlist, flugeldar, skíði og ljós *Dúndurstuð í Tungudal undir stjörnubjörtum himni*

23:00 Á Eyrinni. Stórdansleikur með GABRÍEL

23:00 Sjallinn. 16 ára ball með Buttercup

31. mars sunnudagur (páskadagur)

Gönguskíðahringur troðinn í Kirkjubólsdal hjá Þingeyri. *Dalurinn er hjarta hinna svokölluðu Vestfirsku alpa og landslagið fjölbreytt. Troðinn verður hringur í dalnum og hægt að njóta hins stórfenglega útsýnis. Veltur að sjálfsögðu á snjóalögum*

11:00 Dorgveiði í gegnum ís á Hólmavatni í Dýrafirði. *Einnig upplagt að taka með sér skauta. Frábær skemmtun fyrir fjölskylduna. Vatnið er fjóra km fyrir innan flugvöllinn. Stangir á staðnum fyrir þá sem ekki eiga slíkan búnað. Verð 400 kr/kg af fiski*

13:30 Garpamótið í svigi *Misfrægir skíðakappar þeysa niður brekkurnar í hörðustu skíðakeppni ársins. Takið þátt í umdeildasta skíðamóti landsins þar sem dómarar eru mjög mútuþægir*

17:00 - 19:00 Skíðavikuútvarp á FM 101

24:00-04:00 Á Eyrinni. Siggi Björns mætir með rámu röddina

24:00-04:00 Sjallinn. Ball með Buttercup

Carlsberg

Fjölbreytt dagskrá alla páskana

TÓKI MUNKUR
RESTAURANT
456-5404

Á Eyrinni
Veitingastaður Kaffihús

Lettöl

Anna Gunnlaugsdóttir

Gleðin er hljómurinn sem bergmálar í fjöllunum

Óli Njáll og Anna

Sameining er orð sem kemur upp í hugann þegar maður hugsar um skíðaíþróttina. Hún sameinar kynslóðirnar, fjölskyldur, mann og náttúru. Miðlun milli kynslóða er mikilvæg og ætti að vera kappsmál hverrar fjölskyldu að halda sambandi við sér eldri fjölskyldumeðlimi og njóta návista, reynslu og kunnáttu þeirra. Hefur þú hugsað um það nýlega hver það var sem kenni þér ungu barni að spila á spil, kenndi þér á klukku, að hjóla og á skíði? Það er enginn vafi á að fyrir utan foreldra þá leika ömmur, afar, frændur og frænkur mjög mikilvægt hlutverk í því ferli.

Ef vel er að staðið í upphafi verður afraksturinn góður. Að standa á skíðum er eins og að læra að hjóla. Þegar þú einu sinni hefur náð tökum á tækninni þá hverfur hún ekki svo auðveldlega frá þér aftur. Það er óhætt að segja að skíðaíþróttin er oftar en ekki fjölskylduíþrótt og þar sem kynslóðirnar sameinast á skíðum þá er gleðin hljómurinn sem bergmálar í fjöllunum.

Við kynnumst hér einni af þriggja kynslóða ísfirskum skíðafjölskyldum en það er gaman að skoða það að iðkun skíðaíþróttarinnar liggur mikið í fjölskyldum.

Anna Gunnlaugsdóttir ber með sér ferskan blæ, er hlý og gefur frá sér góða strauma. Ég byrja á því að spyrja Önnu um hvaða einstaka tenging það sé sem fær fjölskyldu í þrjár kynslóðir til að stunda skíði af jafn mikilli alúð og hennar fjölskylda hefur gert og gerir?

Óli Njáll maðurinn minn var mikill áhugamaður um skíðaíþróttina og einhvern veginn hrifumst ég og börnin af áhuga hans. Við fórum með börnin okkar á skíði hvenær sem færi gafst og áttum ógleymanlegar ánægjustundir í fjallinu. Eftir að Óli lést 14. febrúar 1989 reyndist fyrst erfitt að fara á skíði en þegar frá leið hef ég og börnin sem betur fer yfirstigið þá erfiðleika og náð aftur gleðinni yfir því að njóta samveru hvers annars í skíðaíþróttinni og höldum þannig um leið anda hans á lofti. Við eigum fjögur börn, elstur er Guðjón Helgi kona hans er Jóna Hólmbergsdóttir, þau eiga þrjú börn, Önnu Maríu, Anton Helga og Elías Ara. Freygerður kemur þar næst, hennar maður er Benedikt Hermannsson og eiga þau tvær dætur, Ólöfu Önnu og Brynhildi. Hanna Mjöll er þriðja í röðinni, maður hennar er Jakob Tryggvason og þau eiga þrjú börn, Ólaf Njál, Hafrúnu og Ásthildi. Yngst er Heiða Björk, sambýlismaður hennar er Kristján Ásgeirsson.

Þegar ég fór að grennslast fyrir um ísfirskar skíðafjölskyldur kom fljótlega í ljós að þú og þinn elskulegi eiginmaður Óli Njáll voruð meðal annarra miklar driffjaðrir í Skíðafélagi Ísfirðinga. Ólust þið upp við að fara á skíði eða var það áhuginn einn sem rak ykkur áfram í fórnfúsu starfi?

Við ólumst upp við að fara á skíði hvort á sinn máta. Óli Njáll var fæddur og uppalinn hér á Ísafirði en ég er fædd og uppalin á Árskógsstönd í Eyjafirði. Eftir því sem mér skilst þá stunduðu börnin hér á Ísafirði skíðaíþróttina í Stórurðinni og var Óli einn af þeim. Heima í sveitinni renndum við systkinin okkur á skíðum sem pabbi smíðaði. Við heimilið var stórt og mikið tún með ágætis brekku á og þangað örkuðum við, bjuggum okkur til hengju og stukkum eins langt og við gátum. Við gengum oft einnig á skíðum í skólann þegar Þorvaldsdalsá var ísilögð. Leikur og starf gekk út á útveru í sveitinni. Þetta var upphafið og síðan miðluðum við því áfram til barna og nú barnabarna.

En Anna af hverju varð Ísafjörður fyrir valinu?

Vinkona mín Elín Hjaltadóttir systurdóttir Guðrúnar Vigfúsdóttur sótti um fyrir okkur báðar hér í Húsmæðraskólanum á Ísafirði. Við vorum miklu fleiri hér úr sveitinni. Það var spaugileg tilviljun að þegar við stelpurnar í sveitinni fórum síðar að tala saman þá höfðu 5 aðrar sótt um inngöngu í Húsmæðraskólann en við höfðum ekki hugmynd um hver aðra. En hér er ég búin að vera síðan ég var að verða 18 ára gömul og ég get ekki hugsað mér að eiga annars staðar heima.

En víkjum aftur að skíðaáhuganum. Í hverju fólst starf ykkar fyrir Skíðafélagið á þessum árum?

Okkar starf fólst aðallega í því að vinna við mót bæði barna og fullorðinna. Það eru gömul og ný sannindi að lengi býr að fyrstu gerð. Fjölskyldustuðningur er ein besta gjöf og um leið ein mikilvægasta forvörnin sem að við getum gefið börnum okkar. Börn eru hrifnæm. Þau finna fljótt hvort að fullorðnir hafa sannarlega áhuga á því sem þau taka sér fyrir hendur. Þau sjá það m.a. í því hvort að fullorðnir eiga tíma aflögu í amstri dagsins til að njóta þess að kenna þeim, vera til staðar og upplifa þroskaskrefin sem þau taka. Börnin taka eftir hvort að augu fullorðinna ljóma og þá hrífast þau auðveldlega með.

Stuðningur fjölskyldu skiptir miklu máli og ég bið Önnu að segja mér í hvaða formi hennar stuðningur við börnin sín og síðan barnabörnin felst?

Við leituðumst ávallt við að styðja



Ólafur Njáll Guðmundsson.

við bakið á börnunum okkar, fylgjast með hvað þau voru að taka sér fyrir hendur, veita þeim öryggi og hvetja þau til að stunda sínar íþróttir og nám. Ég á nú sex barnabörn sem eru á æfingum hjá Skíðafélaginu og nú fylgja foreldrar þeirra þeim ekki síður eftir og hvetja þau til dáða en við gerðum við þau.

Hvaða fræjum sáðir þú hjá börnum þínum sem þér fannst vera mikilvæg og myndu nýtast þeim á lífsleiðinni?

Við veittum þeim alla þá umhyggju sem við gátum, brýndum fyrir þeim heiðarleika, að vera góð hvert við annað og vera ábyrg gerða sinna.

Nú er það ekkert sjálfgefið að nútíma fjölskyldur haldi góðum tengslum. Hvað gefur það þér að fá tækifæri til að fylgjast með börnum, tengdabörnum og barnabörnum í leik og starfi?

Það er mér allt, án þeirra væri lífið mér lítils virði.

Hvernig upplifun er það að fylgjast með velgengni þeirra í skíðaíþróttinni?

Það veitir mér ómælda ánægju að hafa tækifæri til að fylgjast með þeim, sjá framfarir þeirra, hvetja þau til dáða, hughreysta þegar illa gengur og fá að eiga með fjölskyldunni minni skemmtilegar stundir úti í fersku fjallaloftinu.

Eruð þið sannkallaðar fjallageitur?

Já það má segja það. Hvenær sem færi gefst förum við á fjöll að vetri til og krakkarnir fara líka að sumarlagi, en ekki ég. Svo förum við Guðjón að minnsta kosti í berjamó, förum bara hérna upp í hlíðina fyrir ofan Urðarveginn. Það er svo dásamlegt að setjast niður og horfa á fjöllin speglast í pollinum.

Getur þú lýst tilfinningunni þegar heim er komið eftir góðan skíðadag?

Hún er yndisleg, maður er endurnærður af útiverunni og samveru við fólk og náttúru.

Styrktaraðilar Skíðaviku

Bílaverkstæði Ísafjarðar ehf.
Seljalandsvegi, 400 Ísafjörður, sími 456 4444

Ferðaþjónusta Margrétar og Guðna ehf.
Gamla gistihúsið
Mánagötu 5, 400 Ísafjörður, sími 897 4146

Hárgreiðslustofa Siggu Þrastar
Aðalstræti 27, 400 Ísafjörður, sími 456 4442

Ísfang hf., útflutningur sjávarafurða
Suðurgötu, 400 Ísafjörður, sími 456 3366

Íslandssaga
Freyjugötu 2, 430 Suðureyri, sími 456 6300

Kvótaumsýslan
Hafnargötu 37, 415 Bolungarvík, sími 450 7909

Nærvera
Ljóninu, Skeiði 1, 400 Ísafjörður, sími 456 4541

Stúdíó Dan
Hafnarstræti 20, 400 Ísafjörður, sími 456 4022

Verslun Bjarna Eiríkssonar
Hafnargötu 81, 415 Bolungarvík, sími 456 7300

Víkurbúðin Súðavík
Aðalgötu 1, 420 Súðavík, sími 456 4981

Byggðasafn Vestfjarða

Byggðasafnið er opið páskahelgina kl. 16.00 - 18.00

Munið tvíkeppni Byggðasafnsins, rennsli með sneiðingum og 120 skrefa gönguna á föstudaginn langa kl. 13.00. Keppt verður á gömlum búnaði í eigu safnsins.

Opnunartími sundstaða Ísafjarðarbæjar í páskavikunni

Sundhöll Ísafjarðar	mán. - miðv.d.	kl. 07.00 - 17.00 og kl. 19.00 - 21.30
	skírdag	kl. 15.00 - 18.30
	laugard.	kl. 10.00 - 17.00
Sundlaug Flateyrar	mán. - miðv.d.	kl. 16.00 - 21.00
	skírdag	kl. 13.00 - 18.00
	föstud. langa	kl. 13.00 - 18.00
	laugard.	kl. 13.00 - 19.00
	2. páskad.	kl. 13.00 - 18.00
Sundlaug Suðureyrar	mán. - miðv.d.	kl. 16.00 - 20.00
	skírdag	kl. 16.00 - 20.00
	laugard.	kl. 12.00 - 20.00
Sundlaugin Þingeyri	mán. - þri.	kl. 07.45 - 11.30 og kl. 13.00 - 21.00
	miðv.d.	kl. 07.45 - 11.30 og kl. 13.00 - 16.00
	skírdag	kl. 13.00 - 18.00
	laugard.	kl. 13.00 - 18.00
	2. páskad.	kl. 13.00 - 18.00

Skellið ykkur í sund eftir góðan dag á skíðum.
Upplýsingasímar: Þingeyri: 456 8375, Flateyri: 456 7738, Suðureyri: 456 6121, Ísafjörður: 456 3200

Skíðasvæðið - Dalirnir tveir

Opið verður alla daga 10.00 - 17.00

Þjónusta á staðnum:
Veitingar.
Barnapössun í Skíðaviku.
Nýtt leiksvæði fyrir börnin með rólum, rennibraut og fleira.
Gönguskíðahringir troðnir á Seljalandsdal alla daga.
Flóðlýsing á báðum svæðunum.

Gjaldskrá	Börn	Fullorðnir
Dagskort	500	1000
Vetrarkort	3500	7000

Vetrarkortin er hægt að kaupa í þjónustuhúsi í Tungudal, sparisjóðum og bönkum. Einnig á bensínstöð Esso á Ísafirði.

Skíðavikukort	1500	3000

Gildistími 24.3. - 1.4. 2002. Kortin eru til sölu á bensínstöðinni Esso og skíðaskála Tungudals.

Upplýsingasímar: Aðstæður: 878 1011, Sími: 456 3125. Uppl. á netinu: www.isafjordur.is/ski

LÖGFRÆÐISTOFA TRYGGVA GUÐMUNDSSONAR

lev LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR VESTFJÖRÐUM EHF.
Aðalstræti 24 • 400 Ísafirði • Hafnargata 37 • 415 Bolungarvík • Kennitala 700172-0239

BIMBÓ — SKÓHORNIÐ

Mjólkursamlag Ísfirðinga

VÉLSMIÐJAN ÞRISTUR

SNERPA EHF

VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.

Togaraútgerð Ísafjarðar

APÓTEK ÍSAFJARÐAR

Dýri hf.

HG HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
SÍMI 450 4600

Fylkir Ágústsson

Aberandi

Sjómannafélag Ísfirðinga

Tæknipjónusta Vestfjarða ehf.

Samfélag Ísfirðinga

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
☎ 456 4340 & 456 4760

SKIPANAUST ehf.

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR

Trésmiðjan

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Vélsmiðjan Þrymur

BÓNUS

GNA

Frystiklefar ehf

LÖGSÝN EHF
Lögfræðiþjónusta

Gistiheimili Áslaugar og Faktorshúsið í
Hæstakaupstað Sími: 456 3868 Fax: 456 4075
GSM: 899 0742 Netf.: gistias@snerpa.is
Veff.: www.randburg.com/is/aslaug.html

HÁRSTOFAN Aðalstræti 415 Bolungarvík

Auður Yngvadóttir

Þetta var minn leikur

Systkinin Auður og Einar.

Ökuleikni, fótbolti, skíði, gönguskíði, kajakaróður og þjálfun björgunarhunda. Þessi upptalning gefur hugmynd um ótrúlega fjölhæfni eins íþróttamanns eða konu eins og er í þessu tilliti. Þegar ég hugsaði um þessar íþróttagreinar tengi ég þær við eina konu, Auði Yngvadóttur, fjölíþróttakonu, þriggja barna móður, eiginkonu og ökukennara. Það var ekki laust við að hún færi hjá sér þegar ég nefndi hana fjölíþróttakonu enda hæversk af Guði gerð.

Flestir láta sér nú nægja eina íþróttagrein svo það lá beinast við að spyrja Auði hvort hún væri svona orkumikil að ein íþróttagrein nægði ekki eða hvort hún væri svona nýjungagjörn?

Ég var ung þegar ég byrjaði að stunda svigskíðin og fótboltann, um 9-10 ára. Þetta eru íþróttir sem er mjög gott að stunda saman, fótboltinn á sumrin og skíðin á veturna. Á þessum árum voru stelpur ekki almennt í fótbolta en ég hafði mjög gaman af íþróttinni og það var aldrei neitt mál að ég væri með þessum strákum sem voru á svipuðu reki og ég í fótbolta. Það var bara sjálfsagt. Það var ekki fyrr en þó nokkuð seinna sem kvennaknattspyrnan varð að veruleika hérna á Ísafirði. Reyndar í annað sinn því áður var víst blómlegt líf í kvennaknattspyrnunni en hún lá svo niðri þar til árið 1981 þegar Jóhann Torfason hóf að þjálfa okkur stelpurnar.

Þegar ég var um 16 ára uppgötvaði ég gönguskíðin. Síðan þá hef ég ekki mikið verið á svigskíðum. Gönguskíðaíþróttin einfaldlega heillaði mig. Hún er erfið en frábær íþrótt.

Í kring um 1990 gerðist ég meðlimur í Björgunarhundasveit Íslands. Þá áttum við hund sem maðurinn minn sá að mestu leyti um að þjálfa. En í dag erum við með sitt hvorn hundinn. Tveggja ára Border Collie sem við erum að þjálfa sem björgunarhunda.

Hvað kajakróðurinn varðar þá prófaði ég hann fyrst fyrir um tveimur árum. Ég hafði nú reyndar nóg á minni könnu fyrir en maðurinn minn rekur kajakleigu bæði í stuttar ferðir og einnig í lengri ferðalög, þannig að ég gat nú varla verið þekkt fyrir að hafa ekki prófað þetta. Kajakróður er mjög skemmtilegt sport og hreint ekki ólíkt gönguskíðunum að því leyti að maður er mikið einn með sjálfum sér út í náttúrunni og þjálfunin getur verið ansi erfið ef maður vill taka á því.

Var einhver tími til að leika sér?

Það má segja að íþróttirnar hafi verið minn leikur. Þær stundaði maður daginn út og daginn inn. Margar af mínum bestu minningum eru af Dalnum Vinirnir tengjast líka flestir þessum áhugamálum og má nefna að í dag hittumst við nokkrar vinkonurnar úr fótboltanum einu sinni í mánuði og höldum þannig tengslin. Við gerum alltaf eitthvað skemmtilegt saman svo sem förum í klettaklifur, á gönguskíði eða eins og síðastliðið sumar þá spilaði ég í fyrsta skipti golf með þeim sem var virkilega gaman.

En hver var það sem vakti áhuga þinn á íþróttum?

Ég átti tvö eldri systkyni. Þau voru bæði mikið í íþróttum. Systir mín Þuríður fór suður í menntaskóla strax eftir grunnskóla en bróðir minn Guðmundur Geir hvatti okkur yngri systkinin mikið til íþróttaiðkunar. Hann studdi okkur með ráðum og dáð svo lengi sem hann gat þó hann væri orðinn mikið veikur, en hann lést úr krabbameini aðeins 21 árs. Eftir að hann dó fylgdu foreldrar okkar Yngvi Guðmundsson og Sigrún Einarsdóttir okkur vel eftir og studdu okkur á allan hátt. Þeirra stuðningur er ómetanlegur.

Ég man eftir því þegar ég var á unglingsárunum og þitt nafn var nefnt var nafn Einars bróður þíns aldrei langt undan og öfugt. Hvernig var að alast upp sem systkini í íþróttum?

Við Einar vorum samrýmd systkyni. Við vorum nánast allan Grunnskólann í sama bekk og einhvern veginn æxlaðist það þannig að áhugamálin urðu flest þau sömu. Hvað íþróttirnar varðar þá höfðum við mikinn styrk af hvoru öðru. Því að þó að við værum ekki alltaf í því sama á sama tíma þá gátum við alltaf leitað til hvors annars þar sem að við bæði höfðum skilning á því sem um var að ræða. Það hefur alla tíð verið mikill stuðningur og ríkt mikill kærleikur á

Eftir frækilegan sigur „Old girls" á yngri stelpunum.

Fótboltastelpurnar á kajak. Jóna Lind, Sigrún, Sigga Lára, Jenný, Stella og Auður.

milli okkar Einars bróður. Þar sem annað okkar er, þá er hitt ekki langt undan. Það er líka gott að sjá að börnin okkar eru góðir vinir og fjölskyldur okkar styðja hver aðra. Einar og hans fjölskylda eru mér og minni fjölskyldu mikils virði.

Hvaða tenging er á milli íþrótta og forvarna í þínum huga?

Tengingin á milli íþrótta og forvarna er að mínu mati sterk og augljós. Íþróttir almennt hljóta að draga huga unglinganna frá vímuefnum. Með íþróttaiðkuninni verða þau líka meðvitaðri um eigin líkama og hvað honum er fyrir bestu. Svo tel ég að þrýstingur frá öðrum krökkum, sem er stórt áhættuatriði, sé ekki eins mikill hjá þeim krökkum sem stunda íþróttir markvisst, þó allar reglur hafi sínar undantekningar.

Mér hefur oft fundist fólk skella skuldinni á skólann eða skólakerfið ef eitthvað fer úrskeiðis. En ég held að við sem foreldrar verðum að líta okkur nær. Með fullri virðingu fyrir öllu því forvarnarstarfi sem verið er að vinna og mér finnst alveg stórkostlegt, þá erum það við foreldrarnir sem leggjum grunninn, og ef vel tekst til þá verða unglingarnir okkar hreinlega meðtækilegri og um leið jákvæðari fyrir allri umræðu um forvarnir.

Þú ert í Bindindisfélagi ökumanna, af hverju?

Bindindisfélag ökumanna sá um alla framkvæmd á ökuleikniskeppnunum á sínum tíma og það leiddi einhvernveginn af sjálfu sér að ég gengi í félagið þar sem ég hef aldrei smakkað áfengi.

Ég veit að þú ert sjöfaldur Íslandsmeistari í ökuleikni og hefur jafnframt unnið Norðurlandameistaratitil í þeirri grein. Hver heldur þú að sé lykillinn að þessu góða gengi?

Það lá nú engin markviss þjálfun á bak við árangurinn í ökuleikninni annar en daglegur akstur og jú kannski svolítið meiri áhugi á akstri en almennt hjá vinkonunum allavegana. En þetta voru skemmtilegar keppnir sem fyrst voru haldnar í bæjarfélögunum, þá sem undanúrslit og síðan ein lokakeppni að hausti þar sem endanleg úrslit réðust.

Þú ert þriggja barna móðir, eiginkona og ökukennari. Viltu kynna okkur fyirr fjölskyldu þinni?

Við erum fimm í fjölskyldunni. Ég er gift Arnari Þór Stefánssyni. Elstur af börnunum okkar er Stefán Þór 20 ára. Stefán er mikill áhugamaður um líkamsrækt og stundar hana af kappi. Næstur er Guðmundur Geir 16 ára. Hann æfði og keppti á gönguskíðum en hefur í dag alveg skipt yfir í kajakróðurinn. Prinsessan á heimilinu er 8 ára og heitir Sigrún. Hún æfir sund og gönguskíði. Svo er hún í tónlistarskólanum að læra á harmonikku sem hún hefur mjög gaman af.

Nú finnst manni oft eins og að foreldrar ætli að láta eigin drauma rætast gegnum börnin. Var draumur foreldra ykkar að rætast í ykkur Einari bróður þínum?

Pabbi var mikill íþróttamaður á sínum yngri árum þá sérstaklega í handbolta en mamma veiktist ung af mænuveiki og átti eftir það ekki eins mikla möguleika og flestir aðrir að stunda íþróttir Ég held nú ekki að þau hafi séð sína drauma rætast í okkur heldur létu þau okkur alfarið um að finna það sem okkur líkaði best og studdu okkur síðan í að iðka það eftir bestu getu. Það er hæpið að reyna að láta eigin drauma rætast gegnum einhvern annan. Ég er hrædd um að þá færum við að gera óraunhæfar kröfur til barnanna okkar. Það þýddi að mikil vinna missti marks og kæmi aftan að manni seinna, ekki í þeirri mynd sem við vildum sjá það. Það eru því miður dæmi þess.

Eitthvað að lokum?

Mig langar að benda fólki á skíðasvæðið okkar hérna upp á Dal. Þar er búið að leggja mikla vinnu í að gera aðstöðuna sem besta ekki bara fyrir keppnisfólk heldur líka almenning. Skíðaskálinn sem var áður niðri í Tungudal er nú kominn uppeftir og er fólki frjálst að nýta sér hann. Þar getur fólk farið inn til að hlýja sér ef kalt er úti. Einnig er þar aðstaða til að drekka nesti og bara líka njóta fallegs útsýnis. Göngubrautirnar eru troðnar daglega og reynt er að hafa þær við allra hæfi, samt er nauðsynlegt fyrir fók sem ekki þekkir brautirnar að skoða kortin vel sem eru á svæðinu. Þar er hægt að sjá hvernig brautirnar liggja. Það er alveg öruggt að þar finna allir eitthvað við sitt hæfi. Gönguskíðin eru íþrótt fyrir alla hvort sem maður er 3 ára eða 80 ára. Á því fær maður sönnun þegar maður mætir á Dalinn.

SJÓVÁ ALMENNAR
Mjólkursamlagið
Vesturferðir
Olíufélag útvegsmanna
FISKVINNSLAN KAMBUR ehf
Raftækniþjónustan Nexus
KONUR MENN
SINDRABERG

NÚPUR

NÚPUR

umboðsaðili
fyrir
BORGARNES
STÁL
BÁRUSTÁL OG KANTSTÁL

Ætlar þú í breytingar ?
Talaðu þá við okkur
og við ráðleggjum þér.

Gerum tilboð
í klæðningar,
þök og veggi

Núpur ehf. sterkt afl í heimabyggð!
Ljóninu, Skeiði s: 456 3114

Komdu og skoðaðu vélina
frá Kodak sem talað er um

Ljósmynda-pappír
fyrir bleksprautu prentara

Blekhylki í flestar
gerðir prentara

Bókhlaðan,
PENNINN
Ísafirði sími 456-3123
netfang: bókhlada@itn.is

Mike McCarron, skíðagönguþjálfari á Ísafirði

„Skíðaganga er íþrótt fyrir alla“

Síðastliðið vor lét Stella Hjaltadóttir af störfum eftir mörg farsæl ár sem gönguþjálfari hjá Skíðafélagi Ísfirðinga. Ljóst var að eftirmaður hennar yrði ekki auðfundinn og á endanum varð niðurstaðan sú að vænlegast væri að leita eftir honum út fyrir landsteinana. Bæði var það gert sökum þess að góðir íslenskri þjálfarar liggja ekki á lausu, en eins þótti fýsilegt að fá nýja strauma inn í starfið. Leitin gekk þó ekki þrautalaust fyrir sig. Fyrst í stað var einkum horft til Norðurlandanna, enda eru þau höfuðvígi skíðagönguíþróttarinnar, en leit þar bar ekki árangur. Þá var leitarsvæðið stækkað og allur heimurinn lagður undir. Skíðasambönd og íþróttaforkólfar hvarvetna voru látnir vita af þessari freistandi stöðu sem hér lægi á lausu og viti menn, þegar komið var fram á haust kom álitlegt svar, frá Bandaríkjunum af öllum stöðum. Nú tengir fólk ekki oft saman Bandaríkin og skíðagöngu, en þegar betur er að gáð þá hafa þeir átt nokkra kappa sem náð hafa langt á heimsvísu. Þeirra fremstur er Bill Koch, sem var einn af frumkvöðlunum við þróun skautatækninnar á áttunda áratugnum og vann heimsbikarinn einu sinni, auk þess að vinna til verðlauna á Ólympíuleikum. Í Bandaríkjunum fer líka fram ein af stóru fjöldagönguunum í heiminum, American Birkebeiner, sem árlega dregur að sér þúsundir þátttakenda.

En það sem mestu máli skipti var þó það að maðurinn sem hafði samband við Skíðafélagið var mjög áhugasamur og virkaði fær á sínu sviði. Það var því ákveðið að láta slag standa og um miðjan janúar kom hann svo loks til Ísafjarðar. Skíðavikublaðið hitti nýja þjálfarann og bað hann að gera örlitla grein fyrir sér.

„Ég heiti Mike McCarron, er 46 ára gamall og kem frá Minneapolis. Það má segja að ég hafi kynnst skíðagönguíþróttinni frekar seint því ég var kominn í háskóla þegar ég sá gönguskíði í fyrsta skipti á ævinni. Við ákváðum að prófa þetta nokkrir félagar og mér leist nógu vel á til að hafa þetta sem trimm á meðan á náminu stóð, án þess þó að stunda reglulegar æfingar eða neitt slíkt. Eftir námið tók við vinna hjá tölvufyrirtæki og svo að koma upp fjölskyldu þannig að ég lagði skíðin alveg á hilluna. Það var síðan fyrir um 10 árum að ég fór að fikta við íþróttina aftur og þá tók ég þetta af mun meiri krafti en ég hafði gert á háskólaárunum.

En hvað um þjálfun, hvenær ákvaðstu að hella þér út í hana?

Ætli það séu ekki svona fimm ár síðan. Ég hafði stundað skíðin af talsverðum krafti og tekið þátt í mótum á borð við Amerísku Birkibeinagönguna. Ég naut þess virkilega að ganga á skíðum og sú tilfinning fór að sækja á mig í æ ríkari mæli að ég yrði að gefa íþróttinni eitthvað til baka. Í Bandaríkjunum eru íþróttir mikið stundaðar í tengslum við skólana. Ég frétti að nokkur menntaskólalið á svæðinu þar sem ég bjó væru þjálfaralaus og af þeim sökum stæði til að leggja þau niður. Ég hugsaði með mér að þarna væri e.t.v. komið tækifæri fyrir mig til að gera gagn. Ég vatt mér því inn í helstu skíðaverslunina í Minneapolis og spurði eigandann hvort hann vissi nokkuð til þess að einhver þjálfaranámskeið væru á döfinni. Og viti menn, það vildi svo vel til að eitt slíkt var að hefjast aðeins örfáum dögum seinna, svo að ég lét innrita mig í hvelli.

Nú er ekki beinlínis samansem merki á milli Bandaríkjanna og skíðagöngu, allavega ekki í hugum okkar hér. Sækja margir svona námskeið þarna úti?

Já, þetta var ágætlega sótt, en reyndar varð svolítill misskilningur með þetta allt saman. Ég taldi mig vera að fara á byrjendanámskeið en þegar ég mætti átti aði ég mig á því að þarna voru margir virtir menn úr skíðagönguheimi Bandaríkjanna. Kennararnir heita Krister Skog og Miles Minson og hafa báðir verið þjálfarar hjá landsliði Bandaríkjanna, auk þess að halda utanum hóp unglinga sem líklegir þykja til að keppa á Ólympíuleikum í framtíðinni. Í nemendahópnum voru margir af fremstu þjálfurum landsins, eldri Ólympíukappar og fleiri. Ég var aftur á móti eiginlega blautur á bak við eyrun og fannst ég ekki passa neitt sérstaklega vel inn í þennan hóp. En ég lagði hart að mér og lærði alveg gríðarlega mikið, sérstaklega um þjálfun unglinga.

Og svo hefurðu hellt þér út í þjálfun af fullum krafti?

Já, það má segja það, en samt samhliða annarri vinnu. Ég fór að þjálfa menntaskólalið og fljótlega kynntist ég manni sem heitir Reid Luttuer, en hann hafði yfirumsjón með tveimur menntaskólaliðum, einu liði þar sem saman var safnað sérlega efnilegum unglingum auk þess að stýra stofnun sem hefur yfirumsjón með kennslu og útbreiðslu skíðagönguíþróttarinnar á landsvísu. Hann var því afar upptekinn maður og vantaði sárlega aðstoð, þannig að hann réð mig til að vinna með sér. Síðustu fimm árin höfum við svo starfað saman við að þjálfa bæði skólalið og þennan hóp efnilegra unglinga. Við höfum einnig skipulagt sérstakar æfingabúðir á sumrin og haustin þar sem saman koma unglingar úr ýmsum áttum. Svo hef ég líka þjálfað hlaupara undanfarin tvö ár fyrir samtök hlaupara í Minnesota fylki. Þar hef ég unnið með maraþonhlaupurum, bæði byrjendum og lengra komnum.

En hvernig stendur eiginlega á því

Oft þarf bara
einn hlut til að gera
lífið auðveldara

Námsmannaþjónusta

Þjónusta Landsbankans gerir líf þitt auðveldara. Við vitum að þeir sem eru í námi þurfa að geta gefið sér tíma, bæði til að læra og njóta lífsins.

Þess vegna aðstoðum við námsfólk við að skapa sér það svigrúm sem þarf til að geta notið námsáranna til fulls án þess að hafa sífelldar áhyggjur af fjármálum.

Og þannig verður lífið auðveldara.

Landsbankinn

að þú ert núna að þjálfa á Ísafirði?

Reid Lutter, sem ég nefndi áðan, frétti af því að hér vantaði þjálfara og sagði mér frá því. Mér þótti þetta freistandi tækifæri til að prófa nýja hluti og setti mig í samband við Skíðafélag Ísfirðinga. Ég fékk strax á tilfinninguna að hér væru menn að vinna sitt starf af miklum metnaði, og þó svo að mér hafi verið gerð grein fyrir því að hér væru hlutirnir vísast í smærri sniðum en ég átti að venjast að heiman, þá þóttu mér jákvæðu hliðarnar það margar að ég ákvað að slá til.

Og hvernig líst þér svo á?

Mér finnst aðdáunarvert hversu mikla vinnu og metnað fólk hér leggur í starf félagsins. Ef maður skoðar til dæmis mótin sem haldin hafa verið í vetur þá er talsvert meira lagt í alla umgjörð þeirra hér heldur en heima, þótt keppendurnir séu færri. Maður skynjar líka mjög vel hversu rótgróin skíðahefðin er í þessum bæ. Hér var stofnað til Fossavatnsgöngunnar árið 1935 og hún lifir enn. Á mínum heimaslóðum var ekki farið að stunda skíðagöngu af kappi fyrr en fyrir svona 20-25 árum síðan. Hér eru líka Ólympíufarar og Íslandsmeistarar við hvert fótmál, menn eins og t.d. Þröstur Jóhannesson sem þekkja alla þætti íþróttarinnar út og inn. Þótt ég sé kominn hingað sem þjálfari þá finnst mér ég líka vera að læra afskaplega mikið.

En hvernig myndirðu lýsa sjálfum þér sem þjálfara, hverjar eru þínar helstu áherslur?

Ég hef aldrei verið keppnismaður í fremstu röð og get ekki skreytt mig með afrekum úr stórmótum á heimsvísu. Það sem ég hef að bjóða er talsvert mikil þekking sem ég hef aflað mér með námi og vinnu með afar hæfu fólki, og svo mikill áhugi á að sinna starfinu. Ég er þeirrar skoðunar að allir eigi að fá tækifæri til að kynnast skíðagöngu því þetta er íþrótt sem hægt er að stunda ævina á enda. Hins vegar verður hver og einn að fá að gera þetta á eigin forsendum. Það hentar ekki öllum að vera keppnismenn og það er bara allt í lagi. Þeir sem ekki vilja taka þátt í harðri keppni gætu margir hugsað sér að taka þátt í fjöldagöngum á borð við Fossavatnsgönguna, sem einmitt byggjast að verulegu leyti á þátttöku almennra áhugamanna. Margir eiga líka eftir að taka þátt í störfum í kringum mótahald og þess háttar. Og þótt fólk geri ekki annað en að koma á skíði á góðviðrisdögum þá er það líka mjög gott, því það er fátt skemmtilegra á fallegum degi en fullar brautir af fólki. Gönguliðið hjá SFÍ er ungt og efnilegt og eflaust eiga mörg úr þeim hópi eftir að ná langt ef þau halda áfram. Það hefur greinilega verið haldið vel á málum varðandi þjálfun þessara krakka og ég ætla að halda því starfi áfram. Ég lít þó ekki þannig á starf mitt að það felist eingöngu í því að rækta meistara, heldur er hitt líka mikilvægt að allir sem vilja stunda æfingar fái tækifæri til þess, hvort sem þau eru að hugsa um keppni eða vilja bara nota íþróttina sem skemmtilega líkamsrækt. Og ég er tilbúinn að leiðbeina hverjum sem er. Ég kom hingað til að sinna starfinu af bestu getu og lít þannig á að ég sé á vakt allan sólarhringinn. Ef fólk vill spyrja um eitthvað eða fá ráðleggingar varðandi skíðagöngu eða langhlaup, þá er um að gera að hafa samband við mig. Það er ánægjuefni ef ég get orðið einhverjum að liði.

Við höfum verið frekar óheppin með veður í vetur, ertu nokkuð farinn að sjá eftir því að hafa komið hingað?

Nei alls ekki. Það hefur reyndar verið talsvert vindasamt í vetur, sem stundum hefur gert okkur erfitt fyrir, en þetta hefur nú allt saman sloppið fyrir horn. Mér er sagt að þetta veðurlag sé óvanalegt þannig að ég bíð spenntur eftir að njóta síðari hluta vetrarins í logninu sem er víst einkennandi fyrir Ísafjörð.

Viðtal: Heimir Hansson

F plús
borgar sig

Eitt símtal 560 5000...

Yfir 24 þúsund íslenskar fjölskyldur hafa valið F plús viðtæku fjölskyldutryggingunna og nýtt sér kosti hennar. Hringdu og fáðu nánari upplýsingar í síma 560 5000 eða á heimsíðu okkar, www. vis.is.

* Nánari upplýsingar í skilmálum félagsins.

...og þú færð m.a.

- Víðtæka fjölskyldutryggingu
- Afslátt af öðrum tryggingum
- Afslátt af öryggisvörum
- Víðtæka ferðatryggingu
- Aðgang að ýmsum tilboðum
- og margt, margt fleira

F Plús

VÍS þar sem tryggingar snúast um fólk

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Aðalsími sjúkrahúss og heilsugæslu

450 4500

Viðtöl hjá læknum á heilsugæslustöð

Símaviðtöl, pantið í síma 450 4500

Viðtöl á stofu, pantið í síma 450 4511

Upplýsingar um læknavakt helgar, kvöld og nætur 450 4500

SKÍÐARÚTA UM PÁSKA
STJÖRNUBÍLAR

	Mánud. - Þriðjud. - Miðv.d.	Fimmtud. - Föstud. - Laugard. - Sunnud.
Á svæðið	14.20 / 16.20 / 15.00	10.30 / 12.30 / 15.00
Af svæði	15.00 / 18.40	13.00 / 15.30 / og við lokun lyftu

Einnig verða aukaferðir í samræmi við dagskrá Skíðaviku.
Nánari upplýsingar í síma 852 2414 (skíðarúta) og www.stjornubilar.is

Taxi sími: 456 3518 allan sólarhringinn

Látúnsbarkinn Bjarni Arason skemmtir matargestum á Hótel Ísafirði

Skírdag 28. mars kl. 18.00-24.00
Laugard. 30. mars kl. 19.00-??

Borðapantanir í síma 456 4111
ATH! Aðgangseyrir kr. 1.000,-

Girnilegur matseðill með freistandi tilboðum ásamt glæsilegu úrvali af ostum og ávöxtum á hlaðborði

Veitingar SKG

MEÐ BLAND Í POKA
MEÐ ALPASTEMMINGU Á TÝRÓLAKVÖLDI Á EYRINNI

Á Eyrinni
Veitingastaður Kaffihús
Mánagata 1 – Sími 456 5267 Fisherhúsi anno 1884

Óskum Skíðavikugestum góðrar skemmtunar

Lýsing hf.
www.lysing.is



Þú gerir þetta með annarri!

Með því að nota **Netbanka Íslandsbanka á isb.is**
getur þú á þægilegan hátt sinnt öllum þínum fjármálum
á Netinu hvar sem þú ert staddur í heiminum.
Fáðu lykilorð hjá næsta þjónustufulltrúa.

Netbankinn – fjármál verða ekkert mál.

ÍSLANDSBANKI

www.isb.is

Óskum SKÍÐAVIKUGESTUM ánægjulegra stunda á SKÍÐAVIKU 2002

Minnum á PÁSKAEGGJAMÓTIÐ laugardaginn 30. mars kl. 12.30

Landflutningar
SAMSKIP

Alhliða útvistarparadís - Grunnavík -

Ein af mörgum perlum Vestfjarða er Grunnavík. Allan ársins hring er óhætt að segja að Grunnavík sé alhliða útivistarparadís og er ánægjulegt að vekja athygli þeirra sem vilja reyna eitthvað nýtt og spennandi að Ferðaþjónustan í Grunnavík verður opin yfir páskana og tekur á móti ferðafólki af hjartahlýju. Vetrarferðir eru að verða vinsæll valkostur sérstaklega svona seinni part vetrar og er það einstök tilfinning að njóta útivistar í tignarlegu vetrarríki Grunnavíkur.

Friðrik Jóhannsson hjá Ferðaþjónustu Grunnavíkur segir það spanna orðið tvær til þrjár helgar í kringum páska að fleiri og fleiri leggi leið sína til Grunnavíkur að vetrarlagi. Nú nýverið voru á ferð hér vélsleðahópur frá Reykjavík, undanfarar í könnunarleiðangri fyrir vorferðir og er það án efa jákvæður vaxtarbroddur í ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Grunnavík er kjörin fyrir alhliða útiveru fyrir alla fjölskylduna. Margt er hægt að gera fyrir þá sem hafa áhuga á því að vera úti í náttúrunni að vetrarlagi. Fjaran er sérstök í Grunnavík og góð mótíf fyrir myndatöku, fjöruferðir eru ekki síður spennandi í vetrartíð. Ekki skemmir heldur fyrir að landslagið allt um kring er einstakt.

Feðgarnir Friðrik og Jóhann Jakob sonur hans voru um síðustu páska í Grunnavík. Jóhann Jakob var með það á hreinu að það væru miklu fleiri bekkur til að renna sér niður á snjóþotu en á Ísafirði. Hann hafði aldrei séð svona margar brekkur til að renna sér í og kunni að meta aðstæðurnar. Friðrik og Sigurrós eiginkona hans fara sjálf á gönguskíði í Grunnavík og segja aðstæðurnar vera eins og þær bestar verða.

Þetta er „Orginalinn" segir Friðrik, við bjóðum upp á gistingu hér í gömlu steinhúsi sem byggt er 1936 og er verið að gera upp. Við notum Sóló olíueldavél til að hita húsið upp og hitinn inni er því mjög góður. Vélin er tengd við ofna sem kynda upp húsið og síðan er vatnskerfi við hana. Ekkert rafmagn er í húsinu en kertaljósið er ljós ljósanna hér og lýsir upp í skammdeginu. Það gefur um leið sögustundunum sérstakan blæ. Við bjóðum upp á svefnpokapláss á góðum dýnum og er því góður svefnpoki allt sem þarf að næturlagi. Það er umhugsunarefni fyrir ferðamanninn að dröslast ekki með of mikið með sér. Það er nú ekki langt að sigla hingað til okkar, við viljum fara að sjá fólk koma hér yfir Djúpið og vera eina, tvær, þrjár nætur til að njóta útivistar á nýjum stað. Mjög sniðugt er að sigla inn að Flæðareyri í mynni Leirufjarðar og labba síðan út í Grunnavík, sem er um 3 klst gangur á þessum árstíma í góðu skíðafæri. Ég vil líka vekja athygli á gönguleið fram að Stað þar sem kirkjan okkar Grunnvíkinga stendur. Það er notalegt að koma í hús Guðs, bera nýmálaða kirkjuna augum og njóta samvistar við Guð í bæn, í kyrrðinni. Þær voru ekki fáar heimsóknirnar að Stað í sumar enda kirkjan falleg og umhverfið allt..

Ferð til Grunnavíkur er alveg kjörin fyrir þá sem vilja gera eitthvað óvanalegt. Þetta er paradísarferð fyrir þá sem vilja styrkja fjölskylduböndin, fara í óvissuferð um páskana. Á svona stað getur fólk ekkert annað gert en verið glatt, hamingjusamt, sátt og safnað orku. Það er nokkuð ljóst að fólk safnar orku fyrir árið, á sál jafnt og líkama, í einni svona ferð segir Friðrik að lokum. Við bjóðum gesti Skíðavikunnar hjartanlega velkomna, og auðvitað alla sem hingað vilja til okkar koma í „himnaríki á jörð".

Friðrik býður upp á leiðsögn á staðnum. Bókanir eru í síma 456-4664 og 848-0511.

PÁSKAHELGIN Í ÍSAFJARÐARBÆ

VESTFIRSKT FYRST OG FREMST

EF VIÐ HUGSUM EKKI UM OKKUR SJÁLF, HVER Á ÞÁ AÐ GERA ÞAÐ?
Við munum ekki sækja tónlistarflytjendur út fyrir Vestfirði

Á EYRINNI - ÍSAFIRÐI

Miðvikudagskvöld fyrir skírdag TÝRÓLAKVÖLD FRÁ KL. 20oo til kl: 03oo. Hið árlega skemmtikvöld í upphafi páskavikunnar verður að þessu sinni í höndum ??, ásamt fullt af öðrum hjálparkokkum. Við óskum eftir að allir komi með hatta að þessu sinni (bæði konur og karlar) ATH. ATH.!! farið strax að æfa, því það verður meðal annars JÓÐL keppni meðal gesta. Að skemmtiatriðum loknum munu hinir fjölhæfu listamenn er skipa hljómsveitina BLAND Í POKA leika fyrir dansi. Nánari upplýsingar og sætapantanir fyrir Týrólakvöldið fást í síma 456 5525.

Fimmtudagskvöld MEGASARKVÖLD, flutt verða valin lög eftir meistarann og sjá Gummi Hjalta og Elfar Logi um flutninginn með stæl frá kl: 20,30 til kl: 23,30.

Föstudagskvöld mun ísfirska stórhljómsveitin GABRÍEL skemmta eins og þeim einum er lagið, skíðavikugestum frá kl: 00,00 til kl: 04,00.

Laugardagskvöld mun stórhljómsveitin GABRÍEL endurtaka leikinn frá föstudagskvöldinu kl: 23,00 til kl: 03,00

Sunnudagskvöld mun hinn eini og sanni SIGGI BJÖRNS trúbador skemmta eins og honum einum er lagið frá miðnætti til kl: 04,00

TÓKI MUNKUR - ÞINGEYRI

Páskadagskvöld mun GUMMI HJALTA trúbador halda uppi fjörinu á TÓKA MUNKI frá kl: 23,00 til kl: 03,00

VAGNINN - FLATEYRI

Föstudagskvöld mun stuðtríóið MÁT troða upp og halda stuðinu í botni frá kl. 00,00 til kl. 04,00

Laugardagskvöld hver annar en SIGGI BJÖRNS. Frá kl: 23,00 til kl: 03,00

FÉLAGSHEIMILIÐ - SUÐUREYRI

Föstudagskvöld mun hinn eini og sanni SIGGI BJÖRNS skemmta í fyrsta skipti á SUÐUREYRI
Frá kl:: 00,00 til kl:: 04,00.

Sunnudagskvöld mun hið bráðskemmtilega tríó MÁT sjá um stuðið í félagsheimilinu frá kl: 00,00 til kl: 04,00

BOLUNGARVÍK

OPNUNARTÍMI UM PÁSKA 2002

Sundlaug - íþróttahús, sími: 456 7381

28. mars	Skírdagur	kl. 14.00 - 18.00
29. mars	Föstudagurinn langi	LOKAÐ
30. mars	Laugardagur	kl. 10.00 - 18.00
31. mars	Páskadagur	LOKAÐ
1. apríl	Annar í páskum	kl. 14.00 - 18.00

Sauna og heitir pottar - íþróttasalur

Skíðasvæði, sími: 893 7286

kl. 10.00 - 18.45	
kl. 10.00 - 18.45	
kl. 10.00 - 18.45	
kl. 10.00 - 18.45	
kl. 10.00 - 18.45	

Dagskort í skíðalyftu
Börn: kr. 200,-
Fullorðnir: kr. 400,-

Náttúrugripasafnið, sími: 456 7005

Skírdag	kl. 13.00 - 17.00
Laugardag	kl. 13.00 - 17.00

Verið velkomin og njótið dvalarinnar

fermingartilboð

Með öllum seldum GSM-símum getur þú valið á milli eftirfarandi:

1. Símafrelsisstartpakki og 1500 kr. inneign
2. Aukahlutapakki *(verðmæti 1990 kr.)*
3. 2000 kr. inneign í Símafrelsi

LÉTTKAUPSÚTBORGUN 1.980 kr.

1.250 kr. næstu 12 mánuði
færist á símreikning

VERÐ: 16.980 KR.

Verð áður 18.001 kr.

vit.is tónar&tákn

Farðu á vit.is og fáðu ókeypis áskrift af tónum og táknum í einn mánuð

Frelsi

Tilboð þessi gilda í öllum verslunum Símans um land allt dagana 15. mars til 30. apríl.

siminn.is

SÍMINN